Sþ. **962. Skýrsla** [429. mál]

samgönguráðherra um framkvæmd vegáætlunar 1986.

(Lögð fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

## I. INNHEIMTA TEKNA

Samkvæmt bráðabirgðayfirliti ríkisbókhaldsins voru innheimtar tekjur Vegasjóðs 31. desember 1986 sem hér segir:

| | | Samkvæmt vegáætlun m.kr. | | Rauntekjur pr. 31.12.86 m.kr. | Mismunur m.kr. |
|---|---|---|---|---|---|
| 1.1.1. Bensíngjald: | | 1 282,9 | | 1 310,8 | 27,8 |
| 1.1.2. Þungaskattur: | | 675,0 | | 663,0 | -12,0 |
| Kílómetragjald | 550,0 | | 514,4 | | |
| Árgjald | 125,0 | | 148,6 | | |
| 1.1.4. Gúmmígjald | | 0 | | 0,7 | 0,7 |
| Samt. 1—4. | | 1 957,9 | | 1 974,5 | 16,5 |
| 1.3. Annað framlag ríkissj. | | 0 | | 0 | 0 |
| Samt. 1—3. | | 1 957,9 | | 1 974,5 | 16,5 |

Greiðslur til Vegagerðarinnar voru miðaðar við fjárhæðir skv. áætlun um markaðar tekjur. Þessi tala var þó í lok árs hækkuð um 1,4 m.kr.

Í fylgiskjali 1.—1. er sýnd gjaldskrá markaðra stofna Vegagerðarinnar 1. febrúar 1987.

### 1.1. MARKAÐAR TEKJUR

**1.1.0. Bifreiðainnflutningur.**

Á árinu 1986 voru fluttar inn 15 626 bifreiðar og er það 8 684 bifreiðum fleira en árið áður og mesti innflutningur sem orðið hefur á einu ári eftir nokkra lægð síðast liðin ár.

Mest var flutt inn af fólksbifreiðum eða alls 15 018. Innflutningur vörubifreiða var alls 280, þar af 74 með yfir 6 tonna burðarþoli. Sendibifreiðar voru 289 og sérsmíðaðar bifreiðar til ýmissa verkefna 39. Áætlað er, að bifreiðaeign í lok árs 1985 hafi verið orðin um 127 000 bifreiðar. Fjölgun frá árinu áður er um 8,4%.

Sundurliðaðar tölur um fjölda bifreiða á landinu 1. janúar 1987 liggja ekki enn fyrir, en 1. janúar 1986 var skiptingin eins og fram kemur í eftirfarandi töflu:

| Tegund bifreiðar | Bensín | Dísil | Alls | Br. frá 1985 |
|---|---|---|---|---|
| Fólksbifreiðar | 97 968 | 5 230 | 103 198 | 2,7% |
| Alm. bifreiðar | 247 | 931 | 1 178 | 1,1% |
| Vörubifreiðar | 5 952 | 6 789 | 12 741 | 10,2% |
| | 104 167 | 12 950 | 117 117 | 3,5% |

### 1.1.1. Bensíngjald.

Bensínsala á tekjuárinu 1986 varð 136,8 m.kr., en það er 5,6% aukning frá árinu áður. Ef hins vegar er miðað við meðaleyðslu á bifreið, þá er hún 2% minni en árið áður eða 1250 ltr. á móti 1275 árið 1985.

Bensínverð (93 okt.) lækkaði á árinu 1986 úr 35,00 kr. í 25,00 kr./ltr. Bensíngjald, sem rennur í Vegasjóð, var óbreytt allt árið en hækkaði 1. jan. 1987 í kr. 10,49.

| Ár | Bensínsala m.ltr. | Meðaleyðsla m.ltr. | Verð á ltr. 31.12. 98 okt. | Verð á ltr. 31.12. 93 okt. | Skattar alls kr./ltr. | Bensíngjald kr./ltr. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1971 | 77,5 | 1 756 | | 0,16 | 0,108 | 0,079 |
| 1972 | 84,9 | 1 745 | | 0,16 | 0,108 | 0,079 |
| 1973 | 95,1 | 1 757 | | 0,26 | 0,161 | 0,099 |
| 1974 | 104,4 | 1 736 | | 0,49 | 0,307 | 0,160 |
| 1975 | 103,6 | 1 623 | | 0,60 | 0,350 | 0,160 |
| 1976 | 104,5 | 1 616 | | 0,80 | 0,449 | 0,186 |
| 1977 | 114,4 | 1 685 | | 0,93 | 0,533 | 0,233 |
| 1978 | 121,5 | 1 662 | | 1,81 | 1,055 | 0,484 |
| 1979 | 119,3 | 1 512 | | 3,70 | 1,994 | 0,709 |
| 1980 | 118,8 | 1 412 | | 5,95 | 3,275 | 1,237 |
| 1981 | 121,1 | 1 359 | | 8,45 | 4,640 | 1,700 |
| 1982 | 126,9 | 1 353 | | 13,80 | 7,800 | 3,060 |
| 1983 | 124,0 | 1 281 | | 22,30 | 12,870 | 5,080 |
| 1984 | 126,0 | 1 267 | | 25,80 | 14,500 | 5,720 |
| 1985 | 129,6 | 1 275 | | 35,00 | 21,290 | 9,540 |
| 1986 | 136,8 | 1 250 | 27,50 | 25,00 | | 9,540 |

### 1.1.2. Þungaskattur.

Heildartekjur af þungaskatti voru 663,0 m.kr., sem skiptust þannig, að tekjur af kílómetragjaldi voru 514,4 m.kr. og af árgjaldi 148,6 m.kr. Mælagjald er nú innheimt af dísilbílum, sem eru að heildarþyngd 4 tonn og meira. Eigendum minni bíla er hins vegar heimilt að velja á milli innheimtu samkvæmt kílómetragjaldi eða föstu árgjaldi.

Þungaskattur dísilbíla er nú innheimtur af um 13 500 bifreiðum. Áætlað er að um 7000 greiði eftir mæli, en um 6500 fast árgjald.

### 1.1.3. Gúmmígjald.

Tekjur af gúmmígjaldi, sem er 45 kr. á hvert kg af innfluttu gúmmíi, urðu 0,7 m.kr. Gert var ráð fyrir að gúmmígjald yrði fellt niður á árinu en af því varð ekki.

## 1.3. ANNAÐ FRAMLAG RÍKISSJÓÐS

Annað framlag ríkissjóðs var ekkert í vegáætlun.

# II. SKIPTING ÚTGJALDA

Samkvæmt fjárlögum var heildarfjármagn til vegamála árið 1986 samtals 2 040 000 þús. kr., (að frádregnum styrkjum að upphæð 500 þús. kr. til að greiða fyrir vetrarsamgöngum). Að tilhlutan fjármálaráðuneytisins var fjárlagatalan lækkuð um 80 600 þús. kr. þar sem verðbólgan á árinu reyndist minni en fjárlög gerðu ráð fyrir. Til vegamála runnu því alls 1 959 400 þús. kr.

Í eftirfarandi töflu er sýnt hvernig ofangreint fé skiptist milli einstakra liða í vegáætlun.

II. SKIPTING ÚTGJALDA Upph. í þús. kr.

| | Vegáætl. 1986 |
|---|---|
| **2.1. Stjórn og undirbúningur** | **110 550** |
| 1. Skrifstofukostnaður | 57 550 |
| 2. Tæknilegur undirbúningur | 41 500 |
| 3. Umferðartalning og vegaeftirlit | 8 500 |
| 4. Eftirlaunagreiðslur | 3 000 |
| **2.2. Viðhald þjóðvega** | **812 100** |
| 1. Sumarviðhald | |
| 1. Viðhald malarvega | 185 300 |
| 2. Viðhald vega með bundnu slitlagi | 131 800 |
| 3. Viðhald brúa | 28 700 |
| 4. Viðhald varnargarða | 3 800 |
| 5. Heflun vega | 103 200 |
| 6. Rykbinding | 38 200 |
| 7. Vinnsla efnis | 97 500 |
| 8. Vatnaskemmdir og ófyrirséð | 22 000 |
| 9. Vegmerkingar | 5 700 |
| 2. Vetrarviðhald | 195 900 |
| **2.3. Til nýrra þjóðvega** | **776 500** |
| 1. Stofnbrautir | |
| 1. Stofnbrautir almennt | 235 060 |
| 2. Bundið slitlag | 152 240 |
| 3. Sérstök verkefni | 200 100 |
| 4. Framlög til Ó — vega | 31 000 |
| 2. Þjóðbrautir | 121 700 |
| 3. Bundið slitlag á þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum | 23 100 |
| 4. Girðingar og uppgræðsla | 13 300 |
| **2.4. Til brúagerða** | **61 300** |
| 1. Brýr 10 m og lengri | 50 700 |
| 2. Smábrýr | 9 700 |
| 3. Gilsfjörður (rannsóknir) | 900 |
| **2.5. Til fjallvega o.fl.** | **23 900** |
| 1. Aðalfjallvegir | 4 800 |
| 2. Aðrir fjallvegir | 4 800 |
| 3. Þjóðgarðavegir o.fl. | 3 800 |
| 4. Bláfjallavegur | 9 600 |
| 5. Reiðvegir | 900 |

| | Vegáætl. 1986 |
|---|---|
| **2.6. Til sýsluvega** | **55 000** |
| **2.7. Til vega í kaupstöðum og kauptúnum** | **113 000** |
| **2.8. Til vélakaupa og áhaldahúsa** | **0** |
| **2.9. Til tilrauna** | **7 050** |
| Samtals | 1 959 400 |

## 2.0. VERÐHÆKKANIR OG GREIÐSLUHALLI Á VEGÁÆTLUN

Í kjölfar laga ríkisstjórnarinnar um ráðstafanir í efnahagsmálum og niðurskurð ríkisútgjalda frá febrúar 1986 var gerð spá um hækkanir vísitölu vegagerðar á árinu og var meðalvísitala áætluð 1840 stig sem er 19% hækkun frá 1985. Í reynd urðu hækkanir minni, aðallega vegna lágs olíuverðs og minni hækkana vélataxta en ráð var fyrir gert. Meðalvísitala ársins reiknast vera 1770 stig sem er 3,8% lægra en áætlun og er hækkun frá 1985 um 14,6%.

Vegna hagstæðs tíðarfars var ekki halli á vetrarþjónustu eins og jafnan áður. Hins vegar var halli á stjórn og undirbúningi sem rekja má til launahækkanna umfram forsendur. Þessi halli verður greiddur af fjárveitingu ársins 1987.

## 2.1. STJÓRN OG UNDIRBÚNINGUR

### 2.1.0. Starfsmannahald.

Um s.l. áramót voru fastir starfsmenn hjá Vegagerð ríkisins 371 í 365 stöðugildum en voru 385 í 379 stöðugildum um áramótin 1985—1986. Af þessum 371 er 151 starfsmaður á kjörum opinberra starfsmanna í 146 stöðugildum, en heimiluð stöðugildi eru 156.

Meðalstarfsmannafjöldi á árinu 1986 var 440 en var 482 árið 1985. Heildarvinnuframlag á árinu 1986 reiknað í dagvinnustundum nam 630 mannárum og hafði lækkað úr 678 frá árinu 1985. Launagreiðslur voru 339 milljónir kr. á árinu 1986 og launatengd gjöld um 31 m.kr.

Meðfylgjandi yfirlit sýnir fjölda starfsmanna um s.l. áramót, sundurgreint eftir umdæmum og starfsstéttum.

## Fastir starfsmenn 31. desember 1986.

| | Reykja-vík | Suður-land | Reykja-nes | Vestur-land | Vest-firðir | Norðurl. vestra | Norðurl. eystra | Austur-land | Samtals des. 1986 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Skrifstofa, yfirstjórn | 24 | 2 | | 3 | 2 | 2 | 3 | 2 | 38 |
| Tæknilegur undirbúningur | 33 | 5 | 5 | 6 | 5 | 5 | 7 | 5 | 71 |
| Vegaeftirlit | 5 | | | | | | | | 5 |
| Starfsm. áhaldah.skv. lfl. BSRB | 15 | 1 | | | | | 1 | 1 | 18 |
| Iðnlærðir verkstjórar | 8 | 1 | | 3 | 1 | 2 | 4 | 3 | 22 |
| Verkstjórar | 2 | 7 | 5 | 9 | 7 | 6 | 11 | 11 | 58 |
| Iðnaðarmenn | 14 | 2 | | 5 | 1 | 2 | 3 | 3 | 30 |
| Vélamenn | 7 | 7 | 7 | 15 | 13 | 7 | 11 | 12 | 79 |
| Verkamenn | 10 | 6 | 1 | 4 | 2 | 4 | 6 | 5 | 38 |
| Ráðskonur, matreiðslumenn | 5 | 1 | | 1 | 1 | 1 | 2 | 1 | 12 |
| Fastir starfsmenn í desember 1986 | 123 | 32 | 18 | 46 | 32 | 29 | 48 | 43 | 371 |
| Fastir starfsmenn í desember 1985 | 124 | 33 | 17 | 48 | 32 | 32 | 55 | 44 | 385 |
| Fastir starfsmenn í desember 1984 | 136 | 36 | 19 | 54 | 35 | 36 | 59 | 48 | 423 |
| Fastir starfsmenn í desember 1983 | 146 | 37 | 21 | 59 | 39 | 37 | 65 | 51 | 455 |
| Fastir starfsmenn í desember 1982 | 150 | 42 | 21 | 61 | 38 | 35 | 68 | 46 | 461 |
| Fastir starfsmenn í desember 1981 | 155 | 38 | 22 | 60 | 35 | 35 | 66 | 48 | 459 |
| Fastir starfsmenn í desember 1980 | 151 | 36 | 28 | 57 | 32 | 36 | 61 | 49 | 450 |
| Fastir starfsmenn í desember 1979 | 161 | 37 | 27 | 56 | 32 | 28 | 59 | 51 | 451 |
| Fastir starfsmenn í desember 1978 | 177 | 32 | 27 | 54 | 29 | 26 | 61 | 46 | 452 |
| Fastir starfsmenn í desember 1977 | 188 | 31 | 27 | 57 | 29 | 25 | 67 | 46 | 470 |

### 2.1.1. Skrifstofukostnaður.

Fjárveiting í vegáætlun var 56,0 m.kr.

Til þessa liðar telst kostnaður vegna yfirstjórnar Vegagerðarinnar í Reykjavík svo og bókhaldsskrifstofa í umdæmum, sem eru á eftirtöldum stöðum: Selfossi, Borgarnesi, Ísafirði, Sauðárkróki, Akureyri og Reyðarfirði. Þessar skrifstofur sjá um undirbúning og frágang skjala vegna bókhalds- og launavinnslu viðkomandi svæðis. Úrvinnsla gagna fer hins vegar fram í Reykjavík hjá SKÝRR, en umdæmi fá síðan sendar til baka bókhaldsútskriftir, sem varða viðkomandi svæði. Með þessu móti er reynt að færa bókhaldið sem næst þeim, sem verkin vinna og ábyrgð bera, þannig að kostir þess sem stjórntækis nýtist sem best.

### 2.1.2. Tæknilegur undirbúningur.

Fjárveiting var 41,5 m.kr. og var henni varið til undirbúnings framkvæmda, einkum þeirra, sem ekki höfðu fjárveitingu á árinu. Var hér um að ræða mælingar, kortagerð og ýmsar rannsóknir auk hönnunarvinnu og annars tæknilegs undirbúnings. Að nokkru var hér um áframhald vinnu frá fyrra ári að ræða.

### 2.1.3. Umferðartalning og eftirlit.

Fjárveiting var 8,5 m.kr.

A. Talning umferðar.

Umferðartalning fór fram eftir skipulagi sem byrjað var að vinna eftir 1985. Auk þess var gerð víðtæk könnun á sumarumferð á Norðausturlandi og Austurlandi. Heildarumferð á

þjóðvegum jókst um tæp 5% frá árinu 1985. Sumarumferð jókst nokkru meira eða um tæp 8%.

Umferðaraukningin var nokkuð mismunandi eftir landshlutum, mest á Norðurlandi eystra, tæp 20%. Á Suðurlandi var svipuð umferð og 1985.

Kort það, sem hér fer á eftir, sýnir dreifingu ársumferðar í vegakerfinu.

Á fylgiskjölum 2.1.3.1.—4 eru talningarstaðir sýndir ásamt umferðartölum á hverjum stað.

Haldið var áfram söfnun upplýsinga um umferðarhraða á þjóðvegum.

B. Athugun á umferðarslysum.

Safnað var upplýsingum um umferðarslys á þjóðvegum (að þjóðvegum í þéttbýli undanskildum), sem um var gerð lögregluskýrsla á árinu 1986.

Úrvinnsla á athugun þessari stendur yfir og verður gerð grein fyrir henni í sérstakri skýrslu.

Enn sem fyrr verða flest umferðarslys á Hafnarfjarðarvegi. Umferð hefur einnig aukist þannig að slysatíðni á veginum hefur minnkað nokkuð.

### 2.1.4. Eftirlaunagreiðslur.

Eftirlaunagreiðslur til fyrrverandi verkstjóra og verkamanna, sem starfað höfðu áratugum saman hjá Vegagerðinni, einnig til ekkna þessara aðila, urðu samtals 4,25 m.kr. Tveir fyrrverandi vegaverkstjórar létust á árinu, en tveir fyrrv. verkstjórar og ein ekkja öðluðust rétt til eftirlauna. Alls nutu því 8 fyrrverandi verkstjórar, 21 ekkja og 7 fyrrverandi verkamenn eftirlauna í árslok eða samtals 36 á móti 35 í árslok árið 1985.

## 2.2. VIÐHALD ÞJÓÐVEGA

| | Fjárveiting m.kr. |
|---|---|
| Sumarviðhald | 616,2 |
| Vetrarviðhald | 195,9 |
| Samtals | 812,1 |


ÁRSUMFERÐ 1986
< 200 bílar á dag
200-500 bílar á dag
500-1000 bílar á dag
> 1000 bílar á dag

## 2.2.1. Sumarviðhald.

Sumarviðhaldi vega er skipt á eftirfarandi liði:

| Sumarviðhald | Fjárveiting m.kr. |
|---|---|
| 1. Viðhald malarvega | 185,3 |
| 2. Viðhald vega með bundnu slitlagi | 131,8 |
| 3. Viðhald brúa | 28,7 |
| 4. Viðhald varnargarða | 3,8 |
| 5. Heflun vega | 103,2 |
| 6. Rykbinding | 38,2 |
| 7. Vinnsla efnis | 97,5 |
| 8. Vatnaskemmdir og ófyrirséð | 22,0 |
| 9. Vegmerkingar | 5,7 |
| Samtals | 616,2 |

Í meðfylgjandi töflu er viðhaldskostnaður vega árin 1976—86 tilgreindur og jafnframt færður til verðlags 1986, lengd akfærra þjóðvega, viðhaldskostnaður á hvern km, bílafjöldi í ársbyrjun viðkomandi árs og áætlaður fjöldi ekinna km á öllum þjóðvegum í millj. km. Í síðasta dálki töflunnar er síðan viðhaldskostnaður á hverja 100 ekna km. Þær tölur eru einnig sýndar á meðfylgjandi súluriti.

| Ár | Viðhaldskostn. m.kr. | Vísitala viðhaldskostn. | Viðhaldsk. verðlags 1986 m.kr. | Lengd akfærra þjóðvega km | Viðhaldsk. pr. km verðl. 1986 þús.kr. | Bílafjöldi í ársbyrjun | Eknir km á öllum þjóðvegum m. km | Viðhaldsk. pr. 100 ekna km verðl. '86 kr. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1976 | 11.72 | 47,7 | 448 | 8336 | 53,7 | 71 459 | 420 | 106,7 |
| 1977 | 14,37 | 67,5 | 389 | 8336 | 46,7 | 73 410 | 449 | 86,6 |
| 1978 | 26,55 | 100,0 | 485 | 8409 | 57,7 | 78 481 | 450 | 107,8 |
| 1979 | 39,47 | 145,0 | 497 | 8406 | 59,1 | 84 141 | 449 | 110,7 |
| 1980 | 63,63 | 228,0 | 509 | 8409 | 60,5 | 90 015 | 472 | 107,8 |
| 1981 | 95,70 | 351,0 | 498 | 8411 | 59,2 | 95 606 | 485 | 102,7 |
| 1982 | 180,63 | 570,0 | 578 | 8306 | 69,6 | 100 936 | 500 | 115,6 |
| 1983 | 288,20 | 1064,0 | 494 | 8277 | 59,7 | 100 459 | 485 | 101,9 |
| 1984 | 399,90 | 1198,0 | 609 | 8268 | 73,7 | 108 254 | 524 | 116,2 |
| 1985 | 548,40 | 1595,0 | 627 | 8222 | 76,0 | 113 202 | 586 | 107,0 |
| 1986 | 597,90 | 1825,0 | 598 | 8231 | 72,7 | 117 117 | | |




Eins og undanfarin ár var lögð mikil áhersla á, að sem minnst af viðhaldsfé færi í vorviðgerðir, en sem mest til viðhalds og endurbóta á vegum.

Lögð var áhersla á að reyna að koma í veg fyrir vorskemmdir með því að hafa eftirlit með öxulþunga bifreiða og takmarka hann, þar sem nauðsyn krafði, en engu að síður urðu nokkrar vorskemmdir á vegum víðs vegar um land.

Kort það, sem hér fer á eftir, sýnir þær öxulþungatakmarkanir, sem settar voru síðast liðið vor.

# TAKMARKANIR ÖXULÞUNGA VEGNA AURBLEYTU Á HELSTU ÞJÓÐVEGUM LANDSINS VORIÐ 1986



Í meðfylgjandi töflu er sýndur kílómetrafjöldi þjóðvega í hverjum umferðarflokki (júní—sept.):

Gerður er greinarmunur á malarslitlagi og bundnu slitlagi. Einnig er sýnt hve eknir eru margir km í hverju kjördæmi, hvernig þeir skiptast eftir slitlagi og hve stór hluti þeir eru af heildarakstrinum.

| | | Sumardagsumferð, bílar á dag árið 1986 | | | | | | | | | | | | | | Ársumferð | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | Minni en 50 | 50-100 | 100-200 | 200-300 | 300-500 | 500-750 | 750-1000 | 1000-1500 | 1500-2000 | 2000-3000 | 3000-5000 | 5000-10000 | Yfir 10000 | | % Skipting | | |
| | | Kílómetrar vega í hverjum umferðarflokki | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Kjördæmi | Gerð slit-lags | km | km | km | km | km | km | km | km | km | km | km | km | km | Alls km | Eknir m.km | Í kjörd. % | Í landi % |
| Suðurland | Malar | 515 | 216 | 210 | 131 | 122 | 14 | 10 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 217 | 36,7 | 29,7 | 6,1 |
| | Bundið | 5 | 2 | 24 | 45 | 83 | 71 | 15 | 50 | 0 | 14 | 33 | 2 | 0 | 344 | 86,8 | 70,3 | 14,3 |
| | Samt. | 520 | 218 | 234 | 176 | 205 | 85 | 25 | 50 | 0 | 14 | 33 | 2 | 0 | 1 562 | 123,5 | 100,0 | 20,4 |
| Meðaltal bílar/dag | | 28 | 70 | 140 | 255 | 377 | 686 | 866 | 1 199 | 0 | 2 129 | 4 038 | 5 066 | 0 | 318 | | | |
| Reykjanes. | Malar | 36 | 40 | 42 | 0 | 17 | 3 | 11 | 11 | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 162 | 13,3 | 6,3 | 2,2 |
| | Bundið | 0 | 7 | 8 | 0 | 17 | 12 | 2 | 38 | 32 | 15 | 42 | 19 | 6 | 198 | 197,5 | 93,7 | 32,6 |
| | Samt. | 36 | 47 | 50 | 0 | 34 | 15 | 13 | 49 | 34 | 15 | 42 | 19 | 6 | 360 | 210,8 | 100,0 | 34,8 |
| Meðaltal bílar/dag | | 43 | 82 | 150 | 0 | 405 | 705 | 912 | 1 324 | 1 682 | 2 624 | 4 477 | 7 390 | 26 724 | 1 950 | | | |
| Vesturl. | Malar | 408 | 234 | 348 | 82 | 49 | 36 | 0 | 7 | 9 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 173 | 36,6 | 51,0 | 6,0 |
| | Bundið | 1 | 0 | 14 | 20 | 49 | 17 | 0 | 69 | 14 | 1 | 0 | 0 | 0 | 185 | 35,2 | 49,0 | 5,8 |
| | Samt. | 409 | 234 | 362 | 102 | 98 | 53 | 0 | 76 | 23 | 1 | 0 | 0 | 0 | 1 358 | 71,8 | 100,0 | 11,8 |
| Meðaltal bílar/dag | | 22 | 72 | 141 | 228 | 417 | 681 | 0 | 1 277 | 1 857 | 2 913 | 0 | 0 | 0 | 235 | | | |
| Vestfirðir. | Malar | 483 | 429 | 259 | 9 | 5 | 5 | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 192 | 18,6 | 58,3 | 3,1 |
| | Bundið | 3 | 12 | 47 | 12 | 17 | 12 | 8 | 0 | 0 | 7 | 2 | 0 | 0 | 120 | 13,3 | 41,7 | 2,2 |
| | Samt. | 486 | 441 | 306 | 21 | 22 | 17 | 10 | 0 | 0 | 7 | 2 | 0 | 0 | 1 312 | 31,9 | 100,0 | 5,3 |
| Meðaltal bílar/dag | | 23 | 72 | 138 | 234 | 414 | 718 | 802 | 0 | 0 | 2 135 | 3 796 | 0 | 0 | 108 | | | |
| Norðurl.ve. | Malar | 486 | 153 | 83 | 59 | 78 | 19 | 11 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 889 | 24,5 | 50,3 | 4,0 |
| | Bundið | 1 | 0 | 9 | 10 | 12 | 80 | 56 | 6 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 174 | 24,2 | 49,7 | 4,0 |
| | Samt. | 487 | 153 | 92 | 69 | 90 | 99 | 67 | 6 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 063 | 48,7 | 100,0 | 8,0 |
| Meðaltal bílar/dag | | 22 | 61 | 146 | 248 | 396 | 607 | 865 | 1 068 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 198 | | | |
| Norðurl.ey. | Malar | 184 | 284 | 227 | 129 | 135 | 33 | 20 | 0 | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 014 | 39,2 | 57,6 | 6,5 |
| | Bundið | 2 | 3 | 9 | 6 | 54 | 40 | 33 | 18 | 8 | 0 | 3 | 0 | 0 | 176 | 28,9 | 42,4 | 4,8 |
| | Samt. | 186 | 287 | 236 | 135 | 189 | 73 | 53 | 18 | 10 | 0 | 3 | 0 | 0 | 1 190 | 68,1 | 100,0 | 11,2 |
| Meðaltal bílar/dag | | 29 | 77 | 151 | 231 | 394 | 613 | 883 | 1 083 | 1 740 | 0 | 3 518 | 0 | 0 | 258 | | | |
| Austurland. | Malar | 369 | 214 | 328 | 196 | 49 | 9 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 165 | 33,3 | 64,9 | 5,5 |
| | Bundið | 4 | 0 | 70 | 69 | 34 | 36 | 0 | 4 | 3 | 0 | 0 | 0 | 0 | 220 | 18,0 | 35,1 | 3,0 |
| | Samt. | 373 | 214 | 398 | 265 | 83 | 45 | 0 | 4 | 3 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 385 | 51,3 | 100,0 | 8,5 |
| Meðaltal bílar/dag | | 26 | 73 | 153 | 253 | 36 | 558 | 0 | 1 074 | 1 886 | 0 | 0 | 0 | 0 | 157 | | | |
| Samtals | Malar | 2 481 | 1 570 | 1 498 | 606 | 455 | 119 | 54 | 18 | 13 | 0 | 0 | 0 | 0 | 6 814 | 202,2 | 33,4 | 33,4 |
| | Bundið | 16 | 24 | 181 | 162 | 266 | 268 | 114 | 185 | 57 | 37 | 80 | 21 | 6 | 1 417 | 403,9 | 66,6 | 66,6 |
| | Alls | 2 497 | 1 594 | 1 679 | 768 | 721 | 387 | 168 | 203 | 70 | 37 | 80 | 21 | 6 | 8 231 | 606,1 | 100,0 | 100,0 |
| Meðaltal bílar/dag | | 25 | 72 | 145 | 245 | 390 | 639 | 871 | 1 241 | 1 756 | 2 354 | 4 246 | 7 202 | 26 724 | 291 | | | |

*2.2.1.1. Viðhald malarvega.*

Í þessum lið er kostnaður við endurnýjun ræsa, umferðarmerkja, stika og malarslitlags. Enn fremur kostnaður við skurðgröft, rásagerð, eftirlit og fleira.

Til malarburðar var varið 63,5 m.kr., en það var um 10,6% af heildarkostnaði sumarviðhalds.

Eftirfarandi tafla sýnir lengd vega, sem malarslitlag var endurnýjað á 1986 ásamt fjölda rúmmetra sem ekið var í vegina.

**Malarburður 1986.**

| | Óunnið efni | | | | Unnið efni | | | | Samt. | Mölburður | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Umdæmi | km | $m^3$ | $m^3/m$ | Meðal-þykkt sm | km | $m^3$ | $m^3/m$ | Meðal-þykkt sm | km | $m^3$ | $m^3/m$ | Meðal-þykkt sm |
| Suðurland .... | 43,7 | 54 838 | 1,25 | 21 | 31,8 | 15 970 | 0,50 | 9 | 68,0 | 70 808 | 1,04 | 18 |
| Reykjanes .... | 7,6 | 7 590 | 1,00 | 23 | 26,3 | 7 575 | 0,29 | 5 | 29,9 | 15 165 | 0,51 | 10 |
| Vesturland .... | 51,9 | 44 994 | 0,87 | 14 | 77,9 | 24 610 | 0,32 | 5 | 108,7 | 69 604 | 0,64 | 10 |
| Vestfirðir ..... | 26,2 | 37 399 | 1,43 | 27 | 57,4 | 19 938 | 0,35 | 7 | 83,6 | 57 337 | 0,69 | 13 |
| Norðurland ve. . | 49,9 | 78 786 | 1,58 | 27 | 67,4 | 32 775 | 0,49 | 9 | 78,0 | 99 752 | 0,78 | 16 |
| Norðurland ey. . | 71,9 | 89 091 | 1,24 | 20 | 109,5 | 36 511 | 0,33 | 6 | 129,1 | 125 602 | 0,97 | 16 |
| Austurland .... | 62,4 | 122 150 | 1,96 | 29 | 84,7 | 29 000 | 0,34 | 6 | 124,4 | 151 150 | 1,22 | 18 |
| Samtals | 313,6 | 434 848 | 1,39 | 23 | 455,0 | 166 379 | 0,37 | 7 | 621,7 | 589 418 | 0,95 | 15 |

*2.2.1.2. Viðhald vega með bundnu slitlagi.*

Lagðir voru 61.8 km af slitlagi í viðhaldi, sem skiptist þannig:

Malbikun ........................ 1,9 km
Olíumöl ........................ 14,6 km
Afrétting + klæðing ................ 3,9 km
Klæðing ........................ 41,4 km

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir gerð bundins slitlags í árslok 1986 skipt eftir kjördæmum. (Lengdir í km.)

| | Lengdir í km | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kjördæmi | Steypa | Malbik | Olíumöl | Klæðing | Samtals |
| Suðurland ............... | | 7,4 | 108,9 | 230,6 | 346,9 |
| Reykjanes .............. | 46,7 | 51,2 | 62,9 | 40,6 | 201,4 |
| Vesturland .............. | | 2,8 | 15,1 | 167,3 | 185,2 |
| Vestfirðir ............... | | 9,1 | | 110,8 | 119,9 |
| Norðurland vestra ........ | 0,8 | | | 173,8 | 174,6 |
| Norðurland eystra ........ | | 11,5 | | 163,0 | 174,5 |
| Austurland .............. | 0,7 | | 10,8 | 207,5 | 219,0 |
| Samtals | 48,2 | 82,0 | 197,7 | 1 093,6 | 1 421,5 |

### *2.2.1.3. Viðhald brúa.*

Fjárveiting var 28,7 m.kr.

Stærstu verkefnin voru eftirtalin:

Viðgerðir og endurbætur voru gerðar á gólfum brúnna á Hólmsá, Korpu og Leirvogsá við Reykjavík (1). Meiri háttar viðhald var á brúnum á Þjórsá (1), Hvítá hjá Iðu (31) og Jökulsá hjá Grímsstöðum (1). Brýrnar á Kjarlaksstaðaá (590) og Hofsá í Vopnafirði voru breikkaðar og endurbættar og stálbitar brúnna á Hítará (54), Þverá í Blönduhlíð (76), Hjaltadalsá (767) og Hofsá í Vopnafirði (919) voru ryðhreinsaðir og málaðir.

Auk þessa var unninn fjöldi smærri verka.

Kostnaður umfram fjárveitingu mun hafa orðið verulegur en því verið mætt með afgangi af fjárveitingum til viðhalds varnargarða og nýbygginga brúa.

### *2.2.1.4. Viðhald varnargarða.*

Fjárveiting var 3,8 m.kr. Stærsta verkefnið var viðgerð á varnargörðum við Steinavötn.

### *2.2.1.5. Heflun vega.*

Vegagerðin á nú 52 hefla, og sinna þeir heflun malarveganna, ásamt verkum við nýbyggingu vega.

Eitt hefilsstjóranámskeið var haldið á árinu fyrir yngstu menn í starfi. Vegagerðin hefur einn fastan starfsmann, sem kennir vegheflun.

Kostnaður við heflun var 73,7 m.kr. eða um 10 800 kr. á hvern km af malarvegum.

Hefluðir voru 29 þús. km á 16,6 þús. klst.

Samkvæmt athugun eru afköst í heflun um 1,8 km fullheflaðs vegar á unna klst. Lausakeyrsla er mjög mismunandi eftir umdæmum eða frá 8%, þar sem best er og allt upp í 18%.

Aukin bundin slitlög á umferðarmestu vegunum hefur dregið mjög úr heflunarþörf, eins og meðfylgjandi tafla ber með sér.

| | 1979 | 1980 | 1981 | 1982 | 1983 | 1984 | 1985 | 1986 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Heflunartímar þús. klst. | 33,6 | 37,2 | 28,7 | 31,1 | 28,0 | 25,3 | 24,9 | 20,1 |
| Notkun hefla í snjómokstri | 21,8 | 12,1 | 24,3 | 16,6 | 21,2 | 18,4 | 6,5 | 11,5 |
| Heildarnotkun | 77,1 | 73,6 | 78,5 | 72,9 | 70,9 | 64,6 | 50,1 | 48,4 |

Heflunartími er nokkuð misjafn milli ára, sem skýra má af sveiflum í snjómokstri eins og neðri línan sýnir. Taflan ber þó greinilega með sér að heflunarþörf fer minnkandi.

### 2.2.1.6. *Rykbinding.*

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir lengd malarvega sem rykbundnir voru 1986 með klórkalsíum, salti eða sjó. Í töflunni eru einnig upplýsingar um lengd malarvega, annars vegar með meira en 200 bíla og hins vegar meira en 300 bíla á dag, miðað við sumarumferð.

| | Rykbundnir km. | | | | | Umferð |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Umdæmi | Klór Kalsíum | Úrgangs-salt | Sjór | Samtals | SDU> 200 | SDU> 300 |
| Suðurland | — | 183 | — | 183 | 277,2 | 146,3 |
| Reykjanes | 14 | 15 | 27 | 56 | 43,2 | 43,2 |
| Vesturland | 42 | 190 | 78 | 310 | 182,5 | 100,6 |
| Vestfirðir | 15 | — | 390 | 405 | 21,1 | 11,9 |
| Norðurl. ve. | 39 | 119 | 7 | 165 | 166,8 | 107,7 |
| Norðurl. ey. | 20 | 390 | — | 410 | 319,6 | 190,1 |
| Austurland | 25 | 270 | 10 | 305 | 254,9 | 58,9 |
| Samtals | 155 | 1 167 | 512 | 1 834 | 1 265,3 | 658,7 |

### 2.2.1.7. *Vinnsla efnis.*

1986 var aðeins starfrækt ein mulningsvélasamstæða á vegum Vegagerðarinnar og sá hún um efnisvinnslu á Norðurlandi eystra. Annars staðar var efnisvinnsla boðin út.

Vinnsla efnis í slitlag malarvega 1986 var sem hér segir:

| | Mölun m³ | | | | Samt. |
|---|---|---|---|---|---|
| | 16 mm | 19 mm | 25 mm | >25 mm | m³ |
| Suðurland | — | — | 33 166 | 10 938 | 44 104 |
| Reykjanes | 2 496 | 6 680 | 9 973 | 7 976 | 27 125 |
| Vesturland | 5 968 | 27 791 | 14 938 | 6 653 | 55 350 |
| Vestfirðir | — | 4 608 | 11 825 | — | 16 433 |
| Norðurl.ve. | 590 | 44 481 | 12 490 | 1 855 | 59 416 |
| Norðurl.ey. | 10 184 | 1 217 | 33 579 | 6 971 | 51 951 |
| Austurland | — | 33 400 | 8 000 | — | 41 400 |
| Samtals | 19 238 | 118 177 | 123 971 | 34 393 | 295 779 |

### 2.2.1.8. *Vatnaskemmdir.*

Á árinu 1986 nam tjón vegna vatnaskemmda 13,0 m.kr. Á árunum 1981—1985 varð árlegur kostnaður 16,5 m.kr. að meðaltali á verðlagi 1986. Eins og sést af þessum tölum varð tjón af völdum vatnaskemmda mun minna á þessu ári, miðað við fyrri ár.

Á Suðurlandi varð tjón vegna Skaftárhlaups. Tjón á Vestfjörðum varð við Kirjuból og í Slitrum í Strandasýslu og í Súðavíkurhlíð. Á Norðurlandi urðu skemmdir í Ólafsfjarðarmúla og við Dæli í Svarfaðardal. Töluverðar skemmdir urðu í Öræfum, Hvalnes- og Þvottárskriðum og í Álftafirði.

### 2.2.1.9. *Vegmerkingar.*

Fjárveiting var 5,7 m.kr. Var fénu aðallega varið til að setja upp stefnuörvar á varasamar beygjur. Í samvinnu við viðkomandi lögregluyfirvöld var farið yfir stofnbrautir í Barðastrandarsýslu, Strandasýslu, á Norðurlandi eystra og á Austurlandi og sett voru niður á fjórða þúsund merki. Er nú lokið við að fara yfir stofnbrautirnar og merkja varasamar beygjur á þeim. Á næsta ári er ráðgert að fara á sama hátt yfir umferðarmestu þjóðbrautirnar.

Á árinu var að venju jafnframt unnið að almennu viðhaldi á umferðarmerkjum um allt land.

### 2.2.2. Vetrarþjónusta.

Fjárveiting til vetrarþjónustu var 196 m.kr. Vetrarþjónustan kostaði 88 m.kr. frá áramótum til júníloka en 73 m.kr. seinni hluta ársins. Alls varð kostnaður við vetrarþjónustu því 161 m.kr., árið 1986. Samkvæmt þessu er óráðstafað 35 m.kr.

Eins og fram kemur á meðfylgjandi töflu hefur meðalkostnaður við vetrarþjónustu numið 183,6 m.kr. á ári s.l. 10 ár. Tvö þau síðustu hafa verið óvenju snjólétt og kostnaður því talsvert undir meðallagi þrátt fyrir nokkra rýmkun snjómokstursreglnanna og að teknar hafi verið upp nýjar mokstursleiðir, svo sem vegurinn yfir Steingrímsfjarðarheiði og Ísafjarðardjúp.

Hér fara á eftir töflur sem sýna:

1. Yfirlit yfir kostnað við vetrarþjónustu á öllu landinu 1977—1986.
2. Kostnað við vetrarþjónustu á nokkrum fjallvegum.
3. Tafla sem sýnir hve ýmsir fjallvegir voru lengi lokaðir vegna snjóa á árinu 1986. Einnig er sýnt hve marga daga var unnið við snjómokstur á þeim.

**Yfirlit yfir kostnað við vetrarþjónustu 1977—1986.**

| Ár | Jan.-júní m.kr. | Okt.-des. m.kr. | Allt árið m.kr. | Vísitala vetrar-þjónustu | Á verðlagi 1985 m.kr. |
|---|---|---|---|---|---|
| 1977 | 3,23 | 1,71 | 4,94 | 67,7 | 139,95 |
| 1978 | 5,27 | 3,18 | 8,45 | 100,0 | 162,07 |
| 1979 | 8,91 | 5,46 | 14,37 | 144,0 | 191,40 |
| 1980 | 7,08 | 9,71 | 16,79 | 226,0 | 142,49 |
| 1981 | 26,99 | 15,99 | 42,98 | 347,0 | 237,57 |
| 1982 | 30,21 | 25,74 | 55,95 | 549,0 | 195,47 |
| 1983 | 90,61 | 46,31 | 136,92 | 1 083,0 | 242,49 |
| 1984 | 119,80 | 37,20 | 157,00 | 1 219,0 | 247,03 |
| 1985 | 51,00 | 45,80 | 96,80 | 1 583,0 | 117,29 |
| 1986 | 87,60 | 72,99 | 160,59 | 1 918,0 | 160,59 |
| Meðalkostn. s.l. 10 ár | | | | | 183,64 |

**Kostnaður við vetrarþjónustu á nokkrum vegarköflum — fjallvegum.**

| Kafli | Lengd kafla km | Kostnaður v/snjóm. þús.kr. | Kostnaður á km þús.kr. |
|---|---|---|---|
| Mýrdalssandur | 34 | 262 | 7,7 |
| Hellisheiði: Reykjavík — Hveragerði | 38 | 6 919 | 182,1 |
| Holtavörðuheiði | 38 | 1 876 | 49,4 |
| Fróðárheiði | 13 | 1 239 | 95,3 |
| Miklidalur og Hálfdán | 29 | 1 783 | 61,5 |
| Breiðadalsheiði | 16 | 5 194 | 324,6 |
| Botnsheiði | 17 | 5 438 | 319,9 |
| Steingrímsfjarðarheiði | 36 | 5 518 | 153,3 |
| Siglufjarðarvegur: Ketilás — Siglufjörður | 31 | 3 026 | 97,6 |
| Öxnadalsheiði | 30 | 1 960 | 65,3 |
| Ólafsfjarðarmúli | 18 | 2 332 | 129,6 |
| Fjarðarheiði | 25 | 3 911 | 156,4 |
| Oddsskarð | 22 | 4 234 | 192,5 |

**Tafla sem sýnir, hve ýmsir fjallvegir voru lengi lokaðir vegna snjóa árið 1986.**

| | Jan | Febr | Mars | Apríl | Maí | Júní | Júlí | Ág | Sept | Okt | Nóv | Des | Alls | Hlutfall af 365 dögum % | Snjómoksturs-dagar |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fróðárheiði ....... | | | 1 | | | | | | | | 2 | 3 | 6 | 2 | 34 |
| Svínadalur ........ | | | | | | | | | | | 3 | 2 | 5 | 1 | 34 |
| Kletthals .......... | 20 | 19 | 24 | 8 | 2 | | | | | 1 | 11 | 20 | 105 | 29 | 23 |
| Hálfdán .......... | 4 | | 9 | 2 | | | | | | | 5 | 6 | 26 | 7 | 46 |
| Dynjandisheiði .... | 31 | 25 | 29 | 20 | | | | | | 1 | 27 | 29 | 162 | 44 | 12 |
| Hrafnseyrarheiði .. | 24 | 23 | 29 | 10 | | | | | | 8 | 25 | 31 | 150 | 41 | 23 |
| Breiðadalsheiði .... | 16 | 4 | 22 | 7 | 5 | | | | | 1 | 16 | 18 | 89 | 24 | 71 |
| Botnsheiði ........ | 15 | 3 | 19 | 6 | 5 | | | | | 1 | 15 | 17 | 81 | 22 | 72 |
| Steingrímsfjarðarh. | 22 | 5 | 22 | 8 | 18 | | | | | 4 | 14 | 20 | 113 | 31 | 55 |
| Holtavörðuheiði ... | 1 | | 1 | | | | | | | | | | 2 | 1 | 27 |
| Vatnsskarð nyrðra . | | | | | | | | | | | | | | | 18 |
| Siglufjv.-Fljót ...... | 5 | | 2 | | | | | | | 1 | 4 | 1 | 13 | 4 | 39 |
| Lágheiði .......... | 31 | 28 | 31 | 30 | 23 | | | | | 2 | 22 | 31 | 198 | 54 | 4 |
| Öxnadalsheiði ..... | 3 | | | | | | | | | | | 2 | 5 | 1 | 41 |
| Ólafsfjarðarmúli ... | 6 | | 4 | | | | | | | | 6 | 4 | 20 | 6 | 47 |
| Hólssandur ....... | 31 | 28 | 31 | 30 | 31 | 22 | | | | 10 | 30 | 31 | 244 | 67 | 2 |
| Axarfjarðarheiði ... | 31 | 28 | 31 | 30 | 31 | 15 | | | | 14 | 30 | 31 | 241 | 66 | 2 |
| Sandvíkurheiði .... | 6 | 2 | 5 | | | | | | | | | 4 | 17 | 5 | 27 |
| Vopnafjarðarheiði . | 31 | 21 | 31 | 13 | 9 | | | | | | 9 | 31 | 145 | 40 | 5 |
| Möðrudalsöræfi ... | 31 | 28 | 31 | 15 | 8 | | | | | | 5 | 31 | 149 | 41 | 14 |
| Vatnsskarð eystra .. | 19 | 2 | 17 | 2 | 2 | | | | | | 10 | 12 | 64 | 18 | 33 |
| Fjarðarheiði ...... | 14 | 1 | 11 | 1 | 5 | | | | | | 2 | 8 | 42 | 12 | 64 |
| Oddsskarð ........ | 16 | | 3 | | 1 | | | | | | 5 | 6 | 31 | 9 | 57 |
| Breiðdalsheiði ..... | 31 | 24 | 22 | 11 | 8 | | | | | | 9 | 26 | 131 | 36 | 11 |

## 2.2.3. Yfirlit um viðhald þjóðvega og skiptingu þess.

Í meðfylgjandi töflum er gefið yfirlit um viðhaldskostnað þjóðvega og skiptingu hans:

**Viðhaldskostnaður þjóðvega 1974—1986.**

| Ár | Fjárv. í vegáætl. m.kr. | Heildar-kostnaður m.kr. | Vetrar-viðhald m.kr. | Vetrarviðhald sem hluti af heildarkostnaði % |
|---|---|---|---|---|
| 1974 ............................ | 7,16 | 8,44 | 1,64 | 19,4 |
| 1975 ............................ | 10,49 | 11,62 | 3,22 | 27,7 |
| 1976 ............................ | 13,81 | 14,62 | 3,16 | 21,6 |
| 1977 ............................ | 18,78 | 19,80 | 5,00 | 25,3 |
| 1978 ............................ | 32,20 | 35,00 | 8,45 | 24,1 |
| 1979 ............................ | 52,52 | 53,84 | 14,37 | 26,7 |
| 1980 ............................ | 83,02 | 81,01 | 16,87 | 20,8 |
| 1981 ............................ | 140.06 | 138,76 | 42,98 | 31,0 |
| 1982 ............................ | 222,90 | 236,58 | 55,95 | 23,6 |
| 1983 ............................ | 414,00 | 425,13 | 136,90 | 32,2 |
| 1984 ............................ | 532,30 | 561,67 | 157,00 | 28,0 |
| 1985 ............................ | 691,00 | 645,30 | 96,80 | 15,1 |
| 1986 ............................ | 821,10 | 777,00 | 179,10 | 23,1 |

## Skipting viðhaldskostnaðar árið 1986.

Í meðfylgjandi töflu er sýnd skipting viðhaldskostnaðar árið 1986. Yfirlitið sýnir helstu verkþætti viðhalds:

| Kostnaðarliður | Sam-eiginl. þ.kr. | Kjördæmi Suður-land þ.kr. | Reykja-nes þ.kr. | Vestur-land þ.kr. | Vest-firðir þ.kr. | N.land vestra þ.kr. | N.land eystra þ.kr. | Austur-land þ.kr. | Samt. þ.kr. | Hlutfall af heildark. % Alls | Sumarvh. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Eftirlit og stjórnun ...... | 3 251 | 6 518 | 6 567 | 5 080 | 3 755 | 6 513 | 4 502 | 2 048 | 38 234 | 4,9 | 6,4 |
| Umferðarm., stikur, lýsing | 5 579 | 2 373 | 12 372 | 3 743 | 2 073 | 2 386 | 2 704 | 3 399 | 34 629 | 4,5 | 5,8 |
| Vegmálun ............ | 377 | 2 490 | 8 398 | 1 335 | 873 | 1 074 | 1 283 | 519 | 16 349 | 2,1 | 2,7 |
| Vegheflun ............ | 268 | 13 446 | 6 089 | 15 027 | 9 944 | 7 157 | 9 971 | 11 807 | 73 707 | 9,5 | 12,3 |
| Rykbinding ........... | | 2 610 | 2 243 | 4 037 | 2 632 | 2 907 | 6 947 | 2 672 | 24 048 | 3,1 | 4,0 |
| Malarb.-endurn.malarslitl. | | 15 012 | 4 178 | 10 599 | 5 062 | 7 249 | 15 803 | 5 553 | 63 456 | 8,2 | 10,6 |
| Viðgerðir á bundnu slitl. . | | 1 700 | 2 452 | 1 415 | 897 | 646 | 1 577 | 1 305 | 9 992 | 1,3 | 1,7 |
| Yfirl.-endurn.b-slitl. .... | | 13 785 | 20 939 | | | 2 149 | 926 | 2 543 | 40 342 | 5,2 | 6,7 |
| Axlir .................. | | 289 | 1 561 | 572 | 10 | 1 612 | 1 153 | 746 | 5 943 | 0,8 | 1,0 |
| Vorviðgerðir .......... | | 357 | 59 | 606 | 1 386 | 50 | 378 | 1 670 | 4 506 | 0,6 | 0,8 |
| Styrking ............. | | 2 923 | 17 606 | 2 082 | 6 769 | 1 664 | 11 414 | 18 812 | 76 217 | 9,8 | 12,7 |
| Rásir, skurðir, ræsi ...... | | 1 361 | 573 | 5 098 | 2 045 | 3 503 | 1 039 | 2 315 | 15 934 | 2,1 | 2,7 |
| Vatnaskemmdir ........ | | 1 845 | 1 031 | 895 | 2 308 | 129 | 2 810 | 3 998 | 13 016 | 1,7 | 2,2 |
| Efnisvinnsla ........... | | 7 081 | 6 165 | 6 586 | 7 019 | 294 | 13 062 | 4 367 | 44 574 | 5,7 | 7,5 |
| Samtals ............... | 9 475 | 71 790 | 90 233 | 57 075 | 44 773 | 52 280 | 73 569 | 61 754 | 460 949 | 59,3 | 77,1 |
| Viðhald brúa ........... | 9 651 | 11 137 | 7 321 | 3 772 | 2 376 | 2 415 | 4 444 | 7 603 | 48 719 | 6,3 | 8,1 |
| Sérst. verk í viðh. ....... | | 11 554 | 1 676 | 42 977 | 11 264 | 12 653 | 4 590 | 3 493 | 88 207 | 11,4 | 14,8 |
| Samtals sumarviðhald ... | 19 126 | 94 481 | 99 230 | 103 824 | 58 413 | 67 348 | 82 603 | 72 850 | 597 875 | 77,0 | 100,0 |
| Samtals vetrarþjónusta .. | 26 583 | 9 250 | 22 019 | 18 031 | 42 005 | 9 896 | 22 766 | 28 535 | 179 085 | 23,0 | |
| Viðhald alls ........... | 45 709 | 103 731 | 121 249 | 121 855 | 100 418 | 77 244 | 105 369 | 101 385 | 776 960 | 100,0 | |

## Viðhaldskostnaður þjóðvega miðað við 100 ekna km árið 1986.

| Kjördæmi | Viðhaldskostnaður fyrir árið 1986 m.kr. | Lengd akfærra vega km | Viðhaldskostnaður á hvern km þ.kr. | Ekinn km 1986 m.km | Viðhaldskostnaður á ekna 100 km. kr. | Kostnaður við sumarviðhald alls m.kr. | Kostnaður við sumarviðhald á km þ.kr. | Kostnaður við sumarviðhald á ekna 100 km kr. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Suðurland ...... | 109,6 | 1 564,5 | 70,1 | 124 | 88 | 98,7 | 63,1 | 80 |
| Reykjanes ...... | 128,8 | 362,6 | 355,2 | 211 | 61 | 102,9 | 283,8 | 49 |
| Vesturland ..... | 127,2 | 1 357,6 | 93,7 | 72 | 177 | 106,0 | 78,1 | 147 |
| Vestfirðir ....... | 109,3 | 1 311,2 | 83,4 | 32 | 342 | 60,0 | 45,8 | 188 |
| Norðurland ve. .. | 80,6 | 1 063,1 | 75,8 | 49 | 164 | 69,0 | 64,9 | 141 |
| Norðurland ey .. | 111,9 | 1 187,4 | 94,2 | 68 | 165 | 85,2 | 71,8 | 125 |
| Austurland ..... | 109,6 | 1 384,1 | 79,2 | 51 | 215 | 76,1 | 55,0 | 149 |
| Samtals | 777,0 | 8 230,5 | 94,9 | 607 | 128 | 597,9 | 72,6 | 99 |

## 2.3. TIL NÝRRA ÞJÓÐVEGA

### 2.3.0. Lán og fjárveitingar til vegaframkvæmda.

*2.3.0.1. Föst lán til vegaframkvæmda.*

Ríkissjóður þurfti ekki að afla neinna lána til vegagerðar á árinu 1986 þar sem vegáætlun var við það miðuð, að markaðar tekjur nægðu fyrir öllum áætluðum útgjöldum.

*2.3.0.2. Bráðabirgðalán til vegaframkvæmda.*

Tekin voru bráðabirgðalán sem heimamenn í tilteknum héruðum höfðu óskað eftir að leggja fram eða afla með öðrum hætti til að hraða eða ljúka ákveðnum framkvæmdum og til að stuðla að hagkvæmari vinnubrögðum. Var lánsfé þetta að töluverðu leyti í formi vinnuláná frá vinnuvélaeigendum og verktökum, en 18,0 m.kr. komu frá sveitarfélögum og 13,0 m.kr. frá lánastofnunum.

Bráðabirgðalán til stofnbrauta urðu samtals 33,73 m.kr. og fóru 6,2 m.kr. til vega á Suðurlandi og 13,2 m.kr. til Reykjanesbrautar milli Breiðholtsbrautar og Vífilsstaðavegar. Að öðru leyti var þessu lánsfé varið til Vestfjarðavegar vestan við Búðardal, vega á Vestfjörðum og Norðurlandsvegar um Leirur.

Lán til þjóðbrauta urðu samtals 27,9 m.kr. Þar af fóru 23,0 m.kr. til vega í Suðurlandskjördæmi, aðallega Ásvegar og Þykkvabæjarvegar í Djúpárhreppi, en afgangurinn fór til Upphéraðs- og Mjóafjarðarvegar á Austurlandi.

Til viðhalds vega voru lánaðar samtals 9,5 m.kr. aðallega til vega í Reykjanes- og Vesturlandskjördæmi.

Bráðabirgðalán í árslok voru því samtals 71,38 m.kr. á móti 48,56 m.kr. í árslok 1985 og skiptust þannig eftir viðfangsefnum:

| | Árslok 1986 m.kr. | Árslok 1985 m.kr. |
|---|---|---|
| Til stofnbrauta | 33,73 | 21,98 |
| Til þjóðbrauta | 29,90 | 18,15 |
| Til viðhalds | 9,55 | 5,73 |
| Til brúagerða | 0,00 | 2,50 |
| Til verkfr. undirbúnings | 0,20 | 0,20 |
| Samtals | 71,38 | 48,56 |

*2.3.0.3. Önnur lán til vegaframkvæmda.*

Engin önnur lán voru tekin til vegaframkvæmda árið 1986, en ríkissjóður hefur yfirtekið greiðslu vaxta og afborgana af öllum lánum sem tekin hafa verið til vegagerðar undanfarin ár og þarf Vegagerðin ekki að bera neinn kostnað af þeim lengur.

*2.3.0.4. Fjárveitingar samkvæmt vegáætlun.*

Fjárveitingar til nýrra þjóðvega samkvæmt vegáætlun voru 776,5 m.kr. Skiptist sú tala þannig að til stofnbrauta fóru 618,4 m.kr. ( 235,1 m.kr. til almennra verkefna, 152,2 m.kr. til bundins slitlags, 200,1 m.kr. til sérstakra verkefna og 31,0 m.kr. til svokallaðra Ó-vega, sem nú fór eingöngu til Óshlíðar), 121,7 m.kr. til þjóðbrauta, 23,1 m.kr. til bundins slitlags á þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum og 13,3 m.kr. til girðinga og uppgræðslu.

Skipting þessa fjármagns er rakin nánar síðar í skýrslunni.

*2.3.0.5. Yfirlit um framkvæmdir skv. vegáætlun.*

Heildarfjárfesting á árinu 1986 í nýjum stofnbrautum, þjóðbrautum og brúm varð 861 m.kr. samkvæmt bráðabirgðayfirliti.

Bundið slitlag var lagt á 279 km, þar af 205 km á stofnbrautir og 74 km á þjóðbrautir. Af þessum 279 km eru 125 km með einbreiðu slitlagi (3,8 m).

Byggðar voru samtals tíu brýr 10 metra langar eða lengri og voru þær samtals 279 m á lengd. Fjórar þessara brúa voru byggðar á stofnbrautum, samtals 187 m, en ein 22 m á þjóðbraut. Fimm brýr voru byggðar á sýsluvegum og fjallvegum, alls 70 m.

Fskj. 2.3.0.—1.

## Þjóðvegir 1. janúar 1987.

| Kjördæmi | Stofnbrautir km | Þjóðbrautir km | Þjóðvegir í þéttbýli km | Þjóðvegir km |
|---|---|---|---|---|
| Suðurlandskjördæmi | 493,2 | 1082,0 | 14,8 | 1590.0 |
| Reykjaneskjördæmi | 192,6 | 176,3 | 72,1* | 441,0 |
| Vesturlandskjördæmi | 509,3 | 865,7 | 13,4 | 1388,4 |
| Vestfjarðakjördæmi | 807,5 | 512,7 | 14,8 | 1335,0 |
| Norðurlandskjördæmi vestra | 363,0 | 715,5 | 14,4 | 1092,9 |
| Norðurlandskjördæmi eystra | 577,8 | 609,6 | 15,2 | 1202,6 |
| Austurlandskjördæmi | 846,8 | 537,3 | 27,3 | 1411,4 |
| Samtals | 3790,2 | 4499,1 | 172,0 | 8461,3 |

* Lengd þjóðvega í þéttbýli, Reykjavík meðtalin.

## Stofnbrautir 1. janúar 1987.

| | Ekki akfært km | Akfært km | Alls km |
|---|---|---|---|
| Suðurlandskjördæmi | 8,0 | 485,2 | 493,2 |
| Reykjaneskjördæmi | 6,3 | 186,3 | 192,6 |
| Vesturlandskjördæmi | | 509,3 | 509,3 |
| Vestfjarðakjördæmi | | 807,5 | 807,5 |
| Norðurlandskjördæmi vestra | | 363,0 | 363,0 |
| Norðurlandskjördæmi eystra | | 577,8 | 577,8 |
| Austurlandskjördæmi | | 846,8 | 846,8 |
| Samtals | 14,3 | 3775,9 | 3790,2 |

## Þjóðbrautir 1. janúar 1987.

| Kjördæmi | Ekki akfært km | Akfært km | Alls km |
|---|---|---|---|
| Suðurlandskjördæmi | 2,7 | 1079,3 | 1082,0 |
| Reykjaneskjördæmi | | 176,3 | 176,3 |
| Vesturlandskjördæmi | 17,4 | 848,3 | 865,7 |
| Vestfjarðakjördæmi | 9,0 | 503,7 | 512,7 |
| Norðurlandskjördæmi vestra | 15,4 | 700,1 | 715,5 |
| Norðurlandskjördæmi eystra | | 609,6 | 609,6 |
| Austurlandskjördæmi | | 537,3 | 537,3 |
| Samtals | 44,5 | 4454,6 | 4499,1 |

Fskj. 2.3.0.—2.

**Þjóðvegir og sýsluvegir 1. janúar 1987.**

| Kjördæmi | Stofnbrautir km | Þjóðbrautir km | Sýsluvegir km | Alls km | Þjóðvegir í þéttbýli km |
|---|---|---|---|---|---|
| Suðurland | 485 | 1 079 | 626 | 2 190 | 15 |
| Reykjanes | 186 | 176 | 94 | 456 | 64 |
| Vesturland | 509 | 848 | 483 | 1 840 | 13 |
| Vestfirðir | 808 | 504 | 537 | 1 849 | 15 |
| Norðurland vestra | 363 | 700 | 473 | 1 536 | 14 |
| Norðurland eystra | 578 | 610 | 433 | 1 621 | 15 |
| Austurland | 847 | 537 | 491 | 1 875 | 27 |
| Samtals | 3 776 | 4 454 | 3 137 | 11 367 | 163 |

ATH.: Aðeins eru taldir akfærir vegir. Af götum í kaupstöðum og kauptúnum eru aðeins taldar með þær, sem eru þjóðvegir í þéttbýli.

Fskj. 2.3.1.1.—1.

**Stofnbrautir — almenn verkefni.**
**Greinargerð um framkvæmdir.**

1 **Suðurlandsvegur:**

14—16 Vík — Skógar:

Fjárveiting var 17,0 m.kr. Þá var tekið bráðabirgðalán að upphæð 7,0 m.kr. Undirbyggður var 6,7 km langur kafli milli Hvammsár og Dyrhólavegar. Verkið var unnið af Ræktunarsambandi Flóa og Skeiða. Einnig var lagt efra klæðingarlag á 9,3 km langan kafla milli Péturseyjar og Skóga. Var það verk unnið af Klæðningu hf. Einnig voru greidd bráðabirgðalán frá fyrra ári.

416 **Álftanesvegur:**

02 Landakot — Bessastaðir:

Fjárveiting var engin. Vinnulán samkv. 2.3.0.2. var 2,0 m.kr. Undirbyggður var að mestu 0,5 km langur kafli frá Landakoti að Skólavegi.

1 **Vesturlandsvegur:**

01 Botn — Brunná:

Fjárveiting var engin, en lagt var bundið slitlag á 0,8 km kafla um Botnsskála og að Brunná, sem kostað var af viðhaldsfé. Verktaki var Hagvirki hf.

02 Kalastaðahæð — Galtarholt:

Fjárveiting var 14,2 m.kr. og fjárveiting til bundins slitlags skv. 2.3.1.3. var 10,2 m.kr. Undirbyggður 6,0 km kafli frá enda bundins slitlags innan Kalastaðahæðar að enda slitlags við Galtarholt. Verktaki var Brjótur sf. úr Skagafirði. Lögð klæðing á kaflann af Klæðningu hf.

54 **Ólafsvíkurvegur:**

05 Heydalsvegur — Haffjarðará:

Fjárveiting var engin en kaflinn sem er 3,2 km var styrktur og lagt á hann bundið slitlag fyrir viðhaldsfé. Verkið var unnið af Vegagerðinni.

06 Stóra-Þúfa — Grímsá:

Fjárveiting 7,4 m.kr. og fjárveiting til bundins slitlags skv. 2.3.1.3. var 12,4 m.kr., greidd var skuld frá fyrra ári. Lagt var bundið slitlag á kaflann frá Stóru-Þúfu að Vegamótum 8,5 km og frágangi lokið. Verktaki við undirbyggingu var Sigurður Vigfússon en Vegagerðin lagði klæðingu.

57 **Snæfellsnesvegur:**

08 Stykkishólmsvegur — Hraunháls:

Fjárveiting var 11,5 m.kr. en þar að auki var endurgreidd skuld frá 554—06 Ólafsvíkurvegi, 5,6 m.kr. Undirbyggður var 10,5 km kafli um Stórholt og Berserkjahraun og gerður akfær. Ólokið er neðra burðarlagi að hluta, efra burðarlagi og klæðingu og frágangi öllum. Verktaki var Ræktunarsamband Flóa og Skeiða.

12 Grundarfjörður — Kvíabryggja:

Fjárveiting var 9,2 m.kr. og til bundins slitlags skv. 2.3.1.3. var 2,6 m.kr. Verkið var boðið út og var verktaki Óskar Hjaltason Hafnarfirði. Verkið gekk illa og afsagði verktaki sér verkinu á vinnslutímanum og lauk Vegagerðin við verkið að mestu. Eftir er að ljúka frágangi og leggja bundið slitlag.

60 **Vestfjarðavegur:**

07 Búðardalur — Sælingsdalsvegur:

Fjárveiting var engin en með samþykki þingmanna var tekið við láni sem boðið var fyrir milligöngu sýslunefndar Dalasýslu frá Búnaðarbanka Íslands í Búðardal að upphæð allt að 8,0 m.kr. Vegurinn var lagaður, styrktur og lagður 3,8 m breiðu slitlagi, alls 15,9 km. Það var unnið af Vegagerðinni. Verkið var að hluta kostað af viðhaldsfé.

09 Víðir — Hvoll:

Fjárveiting var 9,8 m.kr. Greidd var 4,4 m.kr. skuld frá 1985 og lokið við endurbyggingu 6,0 km kafla frá Bessatungu og að Skriðulandi. Lagt var bundið slitlag á kaflann. Verktaki við undirbyggingu var Tak hf. í Búðardal en Vegagerðin lagði klæðinguna. Umframkostnaður var greiddur af viðhaldi.

60 **Vestfjarðavegur:**

05 Þorskafjarðarvegur — Gröf:

Fjárveiting var 8,8 m. kr. Lagður var 1,0 km langur kafli um Múlaá. Slitlag vantar á kaflann. Vegagerðin stjórnaði verkinu.

23 Lambadalur — Hjarðardalur:

Fjárveiting var 5,9 m.kr. Lagður var 5,5 km kafli frá Næfranesi að Hjarðardal. Slitlag vantar á kaflann. Verktaki var Brautin sf.

61 **Djúpvegur:**

16 Seljaland — Súðavík:

Fjárveiting var 9,6 m.kr. Lagður var 6,4 km kafli frá Svarfhóli að Langeyri. Slitlag vantar á kaflann. Verktaki var Úlfar Önundarson.

21 **Tunga — Ísafjörður:**

Fjárveiting var 3,3 m.kr. Greitt var vinnulán frá fyrra ári.

62 **Barðastrandarvegur:**

05 Örlygshafnarvegur — Vesturbotn:

Fjárveiting var 10,7 m.kr. Tekið var vinnulán að upphæð 1,3 m.kr. Lagður var 2,4 km kafli um botn Ósafjarðar. Slitlag vantar á kaflann. Verktaki var Úlfar Önundarson.

1 **Norðurlandsvegur:**

01 Sýslumörk — Staðarskáli:

Fjárveiting var 2,0 m.kr. og 3,0 m.kr. til bundins slitlags. Byggður var 1,8 km langur kafli frá Brú að Hrútartungu. Verktaki var Bartinn sf. Lögð var klæðing á kaflann.

04 Miðfjarðará — Hvammstangavegur:

Innstæða frá fyrra ári var 1,8 m.kr. og fjárveiting til bundins slitlags var 3,7 m.kr. Kaflinn er 2,6 km langur. Einnig var unnið við tengingu Hvammstangavegar 0,42 km að lengd. Gengið var frá kaflanum fyrir klæðingu og snyrtingum lokið. Lögð var klæðing á kaflann. Auk þess var greiddur hluti verks á Miðfjarðarvegi frá Laugabakka, sbr. 2.3.2.1.

05 Hvammstangavegur — Vatnsnesvegur:

Fjárveiting var 8,6 m.kr. og 2,9 m.kr. til bundins slitlags og auk þess lán frá 711—07 að upphæð 3,1 m.kr. Gengið var frá 1,1 km löngum kafla frá vegamótum Norðurlandsvegar og Hvammstangavegar og hann lagður klæðingu. Einnig var byggður upp 5 km langur kafli frá klæðingarenda að Vatnsnesvegi. Frágangi er ekki lokið. Verktaki við nýbygginguna var Fossverk sf.

07 Víðidalsvegur eystri — Gljúfurá:

Fjárveiting var 4,3 m.kr. og 3,1 m.kr. til bundins slitlags. Byggður var 2 km langur kafli frá Víðidalsá að heimreið að Þorkelshóli og hann lagður einfaldri klæðingu. Verktaki við nýbygginguna var Borgarverk hf.

15 Sýslumörk — Skagafjarðarvegur:

Fjárveiting var 6,0 m.kr., 9,6 m.kr. til sérstakra verkefna og 7,5 m.kr. til bundins slitlags. Auk þess lán frá 701—17 að upphæð 6,8 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári 2,1 m.kr. Byggður var kaflinn frá Skagafjarðarvegi að Arnarstapa 4,3 km. Lögð var klæðing á kaflann frá Valadalsá að Skagafjarðarvegi 8,7 km. Verktaki við nýbygginguna var Fossverk sf., en Borgarverk hf. sá um lögn klæðingar.

76 **Siglufjarðarvegur:**

01 Norðurlandsvegur — Framnes:

Fjárveiting var 6,2 m.kr. og 2 m.kr. til bundins slitlags. Greidd var 3,8 m.kr. skuld frá fyrra ári. Lokið var við byggingu kaflans frá Norðurlandsvegi að Hjaltastöðum 6,2 km að lengd. Lögð var einföld klæðing á kaflann. Verktaki við lögn klæðingar var Borgarverk hf.

10 Almenningsnöf — Gangamunni:

Fjárveiting var 3,0 m.kr. Unnið var við nýja veginn um Mánárskriður. Ólokið er frágangi og slitlagi.

1 **Norðurlandsvegur:**

12 Svalbarðseyri — Grenivíkurvegur:

Fjárveiting var 21,1 m.kr. Lagður var 5,9 km langur kafli frá Svalbarðseyri að Grenivíkurvegi. Verkið var unnið af Suðurverki hf.

16 Norðausturvegur — Bárðardalsvegur eystri:

Fjárveiting var 4,1 m.kr. og 4,0 m.kr. til bundins slitlags skv. 2.3.1.2. Endurbyggður 3,0 km langur kafli frá Holtakoti að Bárðardalsvegi eystri og lögð

á hann tvöföld klæðing. Einnig sett seinna lag klæðingar á 1,8 km langan kafla frá Norðausturvegi að Holtakoti.

82 **Ólafsfjarðarvegur:**

03 Þorvaldsdalsá — Dalvík:

Fjárveiting var 5,1 m.kr. Unnið var við snyrtingar á kaflanum. Einnig lagt seinna lag klæðingar á 2,8 km langan kafla frá Krossum að Hálskoti.

85 **Norðausturvegur:**

21 Raufarhöfn — Hóll:

Fjárveiting var 9,2 m.kr. Lagður var 3,5 km langur kafli frá Raufarhöfn að Hólsá og byggð ný brú yfir Deildará. Verkið var unnið af verktakafyrirtækinu Vilhjálmi Konráðssyni.

1 **Austurlandsvegur:**

11 Rangá — Fellabær:

Fjárveiting var 3,9 m.kr. Endurbyggður var 1,5 km langur kafli frá Fellabæ að Hitaveituvegi. Verki er ólokið og verktaki er Norðurverk hf. Akureyri.

22 Skrúðskambur — Núpur:

Fjárveiting var 7,6 m.kr. Lagður var nýr vegur 3,7 km og byrjað á undirbyggingu á 2,0 km löngum kafla. Verktaki er Elís P. Sigurðsson, Breiðdalsvík.

40—41 Kolgríma — Tröllaskörð:

Fjárveiting var 4,8 m.kr. Greidd skuld frá fyrra ári 0,6 m.kr. Lagt var bundið slitlag milli Heinabergsaura og Uppsala 6,2 km.

85 **Norðausturvegur:**

10 Hof — Sunnudalsvegur:

Fjárveiting var 7,6 m.kr. Skuld frá fyrra ári var 1,1 m.kr. Lokið var frágangi 1,7 km langs kafla norðan Skeggjastaðaklifs í Bakkafirði. Hafin gerð vegar á 6,9 km löngum kafla milli Deildarlækjar og Sunnudalsvegar. Verktaki er Vökvavélar hf. Egilsstöðum.

92 **Norðfjarðarvegur:**

04 Neðstabrú — Melshorn:

Fjárveiting var 19,1 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári 1,4 m.kr. Ný brú byggð á Fagradalsá (Neðstabrú). Unnið var við frágang vegar milli Hryggsels og Melshorns 2,4 km. Vegur endurbyggður milli Neðstubrúar og Hryggsels 6,6 km. Ólokið er við kafla um Skriður 0,5 km, svo og öllum frágangi vegar og vegsvæðis. Verktaki á kaflanum milli Neðstubrúar og Hryggsels er Ásgeir Gunnarsson, Hellu.

07 Um Bleiksá:

Fjárveiting var 4,8 m.kr. Vegur var lagður að nýrri brú á Bleiksá og lögð klæðing á 0,3 km.

93 **Seyðisfjarðarvegur:**

01 Um Eyvindará:

Fjárveiting var 4,8 m.kr. Lagður var nýr vegur 1,5 km frá Norðfjarðarvegi að Borgarfjarðarvegi. Verki er ólokið. Verktaki er Norðurverk hf., Akureyri.

03 Neðri-Stafur — Fjarðarsel:

Fjárveiting var 2,4 m.kr. og til bundins slitlags 2,4 m.kr., sbr. 2.3.1.2. Greidd var 2,0 m.kr. skuld frá fyrra ári. Lokið var gerð nýs vegar 1,2 km frá Mýrarbrekku að Gufufossi.

96 **Suðurfjarðavegur:**

05 Brimnes — Búðir:

Fjárveiting var 2,9 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári.

Fskj. 2.3.1.2.—1.

**Stofnbrautir — bundið slitlag.**
**Greinargerð um framkvæmdir.**

1 **Suðurlandsvegur:**

01—02 Sýslumörk — Seljaland:

Fjárveiting var engin, en veitt var til vegarins 5,7 m.kr. af viðhaldsfé. Lögð var 4,0 m breið klæðing á 10,0 km langan kafla frá sýslumörkum að Krossá.

1 **Suðurlandsvegur:**

14—16 Vík — Skógar:

Sjá almenn verkefni.

35 **Biskupstungnabraut:**

02—03 Þingvallavegur — Laugarvatnsvegur:

Fjárveiting var 15,0 m.kr. Greitt var bráðabirgðalán frá fyrra ári að upphæð 6,0 m.kr. Lagt var síðara klæðingarlag á 9,0 km langan kafla milli Sogs og Höskuldslækjar. Þá var 6,2 km langur kafli milli Höskuldslækjar og Laugarvatnsvegar undirbyggður. Verk þessi voru unnin af Hagvirki hf.

1 **Vesturlandsvegur:**

01 Um Olíustöð:

Fjárveiting til bundins slitlags skv. 2.3.1.3. var 3,0 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári.

02 Kalastaðahæð — Galtarholt:

Fjárveiting var 10,2 m.kr. og 14,2 m.kr. af fjárveitingum til almennra verkefna skv. 2.3.1.1. (Sjá fskj. 2.3.1.1.—1.)

08 Hamarslækur — Gufá:

Fjárveiting var 3,2 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári. (Sjá fskj. 2.3.1.1.—1.)

10 Gljúfurá — Hrauná:

Fjárveiting var engin en lagt var bundið slitlag á 10,2 km kafla sem styrktur var á síðasta ári. Kostnaður var greiddur af viðhaldsfé, en verktaki var Klæðning hf.

54 **Ólafsvíkurvegur:**

06 Stóra-Þúfa — Fáskrúðarbakki:

Fjárveiting var 12,4 m.kr. og 7,4 m.kr. af fjárveitingum til almennra verkefna skv. 2.3.1.1. (Sjá fskj. 2.3.1.1.—1.)

57 **Snæfellsnesvegur:**

10 Framsveitarvegur — Grundarfjörður:

Fjárveiting var 5,6 m.kr. Lokið var við 2,7 km kafla frá enda nýbyggingar í Hamrahlíð frá 1984 og að Grundarfirði og 0,7 km kafla frá Framsveitarvegi að afleggjara að Eiði. Lagt var bundið slitlag á kaflann frá Eiði að þéttbýlismörkum Grundarfjarðar 4,9 km. Verktaki var Styrkur hf. Grundarfirði en Vegagerðin byggði kaflann að Eiði og lagði slitlagið.

12 Grundarfjörður — Kvíabryggja:

Fjárveiting var 2,6 m.kr. og 9,2 m.kr. af fjárveitingum til almennra verkefna skv. 2.3.1.1. (Sjá fskj. 2.3.1.1.—1.)

1 **Vesturlandsvegur:**

01 Sýslumörk — Miklagil:

Fjárveiting var 10,5 m.kr. (sjá fskj. 2.3.1.3.—1.)

68 **Hólmavíkurvegur:**

10 Hvalsá — Tröllatunguvegur:

Fjárveiting var 9,1 m.kr. Tekið var vinnulán að upphæð 2,2 m.kr. Lagt var bundið slitlag á kaflann frá Heydalsá að Tröllatunguvegi. Vegagerðin annaðist sjálf verkið.

1 **Norðurlandsvegur:**

01 Sýslumörk — Staðarskáli:

Fjárveiting var 3,0 m.kr. og 2,0 m.kr. til almennra verkefna skv. 2.3.1.1. (sjá fskj. 2.3.1.1.—1).

04 Miðfjarðará — Hvammstangavegur:

Fjárveiting var 3,7 m.kr. skv. 2.3.1.1. (sjá fskj. 2.3.1.1.—1).

05 Hvammstangavegur — Vatnsnesvegur:

Fjárveiting var 2,9 m.kr. og 8,7 m.kr. til almennra verkefna skv. 2.3.1.1. (sjá fskj. 2.3.1.1.—1).

07 Víðidalsvegur eystri — Gljúfurá:

Fjárveiting var 3,1 m.kr. og 4,3 m.kr. til almennra verkefna skv. 2.3.1.1. (sjá fskj. 2.3.1.1.—1).

15 Sýslumörk — Skagafjarðarvegur:

Fjárveiting var 7,6 m.kr., 6,0 m.kr. til almennra verkefna og 9,4 m.kr. til sérstakra verkefna samkv. 2.3.1.1. (sjá fskj. 2.3.1.1.—1).

76 **Siglufjarðarvegur:**

01 Norðurlandsvegur — Framnes:

Fjárveiting var 2,0 m.kr. og 6,3 m.kr. til almennra verkefna skv. 2.3.1.1. (sjá fskj. 2.3.1.1.—1).

775 **Sauðárkróksbraut:**

03 Sæmundarhlíðarvegur — Sauðárkróksbraut:

Fjárveiting var 4,4 m.kr. Lögð var klæðing á 1,8 km langan kafla frá Áshildarholti að Borgarsandi. Verktaki var Borgarverk hf.

1 **Norðurlandsvegur:**

16 Norðausturvegur — Bárðardalsvegur eystri:

Fjárveiting var 4,0 m.kr. og 4,1 m.kr. af fjárveitingu til almennra verkefna skv. 2.3.1.1.—1. (sjá fskj. 2.3.1.1.—1).

85 **Norðausturvegur:**

01 Norðurlandsvegur — Háls:

Fjárveiting var 3,7 m.kr. Lagt var seinna lag klæðingar á 7,6 km langan kafla frá Norðurlandsvegi að Fellsseli.

1 **Austurlandsvegur:**

28 Sandbrekka— Melrakkanes:

Fjárveiting var engin. Lögð var klæðing á 10,5 km fyrir viðhaldsfé og hluta fjárveitingar í sérverkefnið Hof— Össurá.

39 Viðborð— Djúpá:

Fjárveiting var 3,5 m.kr. Lögð var klæðing 0,2 km við Mánagarð 4,3 km milli Grjótár og Holtakílis og 1,0 km milli Hólmsár og Flateyrarár. Samtals 5,5 km.

49 Um Skaftafell:

Fjárveiting var engin. Lögð var klæðing 1,3 km frá Skaftafellsá og vestur fyrir vegamót fyrir viðhaldsfé og hluta fjárveitingar í sérverkefnið Hof— Össurá.

50 Skeiðarársandur:

Fjárveiting var 4,5 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári.

85 **Norðausturvegur:**

06 Um Nýpslón:

Fjárveiting var 6,8 m.kr. Lögð var klæðing 8,8 km milli Selár og Vopnafjarðar.

91 **Hafnarvegur í Bakkafirði:**

01 Flugvöllur — Þorp:

Fjárveiting var 3,9 m.kr. Lögð var klæðing á allan veginn, 4,9 km, frá Norðurausturvegi að höfninni í Hafnarþorpi.

92 **Norðfjarðarvegur:**

04 Neðstabrú — Melshorn:

Fjárveiting var 5,7 m.kr. Lögð klæðing 2,2 km milli Hryggsels og Melshorns og efra lag, 1,2 km, við Melshorn.

93 **Seyðisfjarðarvegur:**

03 Neðri-Stafur — Seyðisfjörður:

Fjárveiting var 2,2 m.kr. og 3,3 m.kr. til almennra verkefna, sbr.2.3.1.1.

94 **Borgarfjarðarvegur:**

08 Framnes — Bakkagerði:

Fjárveiting var 7,0 m.kr. Lögð var klæðing á 2,3 km frá Framnesi að Bakkagerði. Auk þess var lögð klæðing á Hólalandsveg og Desjarmýrarveg, sbr. 2.3.2.1.

96 **Suðurfjarðavegur:**

05 Brimnes — Búðir:

Fjárveiting var 8,3 m.kr. Skuld frá fyrra ári var 3,3 m.kr. Lokið var við frágang vegar og lögð klæðing 4,2 km frá Brimnesi að Búðum.

11 Um Snæhvamm:

Fjárveiting var engin. Lögð var klæðing 2,4 km að hluta til fyrir viðhaldsfé.

82 **Flugvallarvegur Hornafirði:**

Fjárveiting var engin. Lögð var klæðing 0,7 km fyrir viðhaldsfé og hluta fjárveitingar í sérverkefnið Hof—Óssurá.

Fskj. 2.3.1.3.—1.

## Stofnbrautir — sérstök verkefni.
## Greinargerð um framkvæmdir.

34 **Eyrarbakkavegur:**

05 Um Ölfusárós:

Fjárveiting var 11,2 m.kr. Fullbyggður var með klæðingarslitlagi 3,5 km langur kafli frá Eyrarbakka að brúarstæði. Auk þess var unnið að undirbúningi brúarsmíðinnar. Undirbygging var unnin af Ræktunarsambandi Flóa og Skeiða en Klæðning hf. lagði slitlagið.

36 **Þingvallavegur:**

06—01 Kárastaðir — Stardalur:

Fjárveiting var 16,0 m.kr. Lagt var efra burðarlag og neðra klæðingarlag á 6,6 km langan kafla frá Móakotsá að Stóralandshóli. Einnig var gengið frá fláum og vegsvæðum. Verkið var unnið af Hagvirki hf.

41 **Reykjanesbraut:**

02—03 Reykjavík — Hafnarfjörður:

Fjárveiting var 37,3 m.kr. og af þjóðvegum í Reykjavík 10,7 m.kr. Vinnulán samkvæmt 2.3.0.2. var 13,2 m.kr. (ath. Hagvirki 5,2 m.kr. og Sparisj. Hafnarfj. 8,0 m.kr.) Lokið var lagningu efra burðarlags á 3,5 km langan kafla frá

Breiðholtsbraut að Vífilsstaðavegi. Lagt var einfalt lag af malbiki á 3 km langan kafla frá Nýbýlavegi að Vífilsstaðavegi en tvöfalt malbikslag á gatnamótasvæði við Nýbýlaveg og Breiðholtsbraut. Einnig var lagt einfalt malbikslag á afleggjara við Fífuhvamm og við Arnarnesveg. Gatnamótasvæði við Nýbýlaveg og Breiðholtsbraut var lýst og sett upp umferðarljós á áðurnefnd gatnamót. Lokið var öllum frágangi. Verkið var unnið af Hagvirki hf. Vegurinn var opnaður í byrjun október '86 og varð umferð um veginn strax um 7000 bílar/dag. Eftir er að leggja efra malbikslag á 3 km langan kafla ásamt klæðingu á axlir, einnig er eftir að lýsa sama kafla.

**Þjóðvegir í Reykjavík:**

Fjárveiting var 10,7 m.kr. sem var notuð til framkvæmda á Reykjanesbraut. Sjá 02—03 Reykjavík — Hafnarfjörður.

1 **Vesturlandsvegur:**

05 Um Borgarfjörð:

Fjárveiting var 2,7 m.kr. Unnið var við lagfæringa á köntum og öxlum á kaflanum frá Seleyri að Hafnará, enn fremur sáð í sár og lagfærðar námur.

14 Um Holtavörðuheiði:

Fjárveiting var 19,5 m.kr. Enn fremur 10,5 m.kr. frá 601—01 Vesturlandsvegur, Sýslumörk — Miklagil, skv. 2.3.1.3. Lokið var við 3,0 km kafla frá Krókalækjum að Norðurá í Heiðarsporði. Verktaki var Ós hf. úr Skagafirði. Enn fremur var lagt bundið slitlag á 16,3 km kafla frá Norðurá í Heiðarsporði að Miklagili. Vegagerðin sá um undirbúning og grófjöfnun kaflans en Klæðning hf. sá um lagningu efra burðarlags og klæðingar.

61 **Djúpvegur:**

01—05 Tenging Inndjúps:

Fjárveiting var 23,1 m.kr. Tekið var vinnulán að upphæð 4,0 m.kr. Lokið var við 2,6 km kafla neðst í Lágadal nema slitlag vantar. Sá kafli var unninn af Hetti sf. Ýtt var upp undirbyggingu á 6,0 km kafla frá stað vestan Sótavörðuhæðar niður í mynni Miðdals. Verkið vann verktakafyrirtækið Hvítserkur. Hafin var vinna við 5,6 km langan kafla um Lágadal. Því verki á að ljúka í júní 1987. Verkið var svo langt komið í desember að hægt var að hleypa vetrarumferð á kaflann. Verkið er unnið af verktakafyrirtækinu Hetti og fleirum.

1 **Norðurlandsvegur:**

01 Sýslumörk — Skagafjarðarvegur:

Fjárveiting var 9,6 m.kr., 6,0 m.kr. til almennra verkefna og 7,7 m.kr. til bundins slitlags skv. 2.3.1.1. (sjá fskj. 2.3.1.1.—1.).

17 Um Héraðsvötn:

Fjárveiting var 2,9 m.kr. og 4,7 m.kr. innstæða frá fyrra ári. Ákveðið var í samráði við þingmenn að fresta framkvæmdum.

Brú á Eyjafjarðará:

Nýja brúin á Eyjafjarðará er eftirspennt bitabrú í þremur höfum. Hún er með tveimur akreinum og gangstíg. Lengd hennar er 135 m. Á gamla veginum sunnan flugvallarins var Eyjafjarðará brúuð þar sem hún fellur í þremur kvíslum. Þær brýr eru frá 1923, hafa ónógt burðarþol og breidd og hafa reynst hættulegar.

**Austurlandsvegur:**

30—32 Hof— Össurá:

Fjárveiting var 16,0 m.kr. Lokið var við frágang vegar og lögð klæðing 1,0 km um Grjótá, 3,4 km milli Selár og Þvottár, 5,6 km milli Krossaness og Hvalness og 1,2 km milli Víkurár og Össurár samtals 11,2 km. Fjárveiting var

einnig notuð í bundin slitlög á Austurlandsvegi milli Sandbrekku og Melrakkaness, við Skaftafell og á Flugvallarveg Hornafirði, sbr. 2.3.1.2.—1.

Fskj. 2.3.1.4.—1.

**Ó—Vegir.**

**61 Djúpvegur:**

25 Um Óshlíð:

Fjárveiting var 31,0 m.kr. Undirbyggður var 1,8 km kafli frá Sorpeyðingarstöð að Ófæru með stiga. Það verk var unnið af verktakafyrirtækinu Jóni og Magnúsi sf. Byggður var 90 m langur vegskáli við Steinsófæru. Verktaki var Örnólfur Guðmundsson. Tjón varð á veginum í nóvember vegna brims. Unnið var að bráðabirgðaviðgerð.

Fskj. 2.3.2.1.

**Þjóðbrautir.**
**Greinargerð um framkvæmdir.**

25 **Þykkvabæjarvegur:**

01—02 Suðurlandsvegur — Þykkvibær:

Fjárveiting var 5,7 m.kr. Fjárveitingin var greidd Djúpárhreppi vegna láns frá fyrra ári. Tekið var bráðabirgðalán að upphæð 2,2 m.kr. og lagt síðara klæðingarlag á 12,3 km langan kafla af veginum.

204 **Meðallandsvegur:**

01 Ýmsir staðir:

Fjárveiting var 2,1 m.kr. Byggður var 3,0 km langur kafli vestan Eldvatns.

215 **Reynishverfisvegur:**

01 Suðurlandsvegur — Presthús:

Fjárveiting var 0,6 m.kr. Auk þess var tekið lán að upphæð 2,8 m.kr. Endurbyggður var 5,0 km langur kafli milli Suðurlandsvegar og Presthúsa.

240 **Stórhöfðavegur:**

02 Strandvegur — Stórhöfði:

Fjárveiting var 4,0 m.kr. Greiddur var hluti skuldar við Vestmannaeyjakaupstað vegna byggingar Stórhöfðavegar.

252 **Landeyjavegur:**

01 Ýmsir staðir:

Fjárveiting var 1,8 m.kr. Greitt var bráðabirgðalán frá fyrra ári.

255 **Akureyjarvegur:**

01 Suðurlandsvegur — Landeyjavegur:

Fjárveiting var engin, en tekið var bráðabirgðalán að upphæð 1,7 m.kr. Byggður var 3,4 km langur kafli frá Suðurlandsvegi að Strönd.

261 **Fljótshlíðarvegur:**

02 Sámsstaðir — Hlíðarendi:

Fjárveiting var 4,0 m.kr. Tekið var bráðabirgðalán að upphæð 1,0 m.kr. Lögð var klæðing á 4,3 km langan kafla milli Sámsstaða og Kirkjulækjar. Auk þess var lokið við frágang á þessum kafla.

275 **Ásvegur:**

02—04 Um Þykkvabæ:

Fjárveiting var engin, en Djúpárhreppur lagði fram lán að upphæð 8,2 m.kr. Fullbyggður var með einfaldri klæðingu 4,5 km langur kafli um Þykkvabæ. Verktaki við undirbyggingu var Fossverk sf. en Klæðning hf. við lagningu slitlags.

330 **Hrunamannavegur:**

04 Stóra Laxá — Flúðir:

Fjárveiting var 5,0 m.kr. Greitt var bráðabirgðalán frá fyrra ári að upphæð 2,2 m.kr. Lögð var klæðing á 2,0 km langan kafla milli Skarðs og Hólakots. Verktaki við undirbyggingu var Suðurverk hf.

332 **Þjórsárdalsvegur:**

01 Skeiðavegur — Stóranúpsvegur:

Fjárveiting var engin. Tekið var bráðabirgðalán að upphæð 3,2 m.kr. Lokið var við að styrkja 5,0 km langan kafla milli Skeiðavegar og Bólstaðar. Lögð var einföld klæðing á 4,0 km af þessum kafla. Allur frágangur er eftir. Verkið var unnið af Hagvirki hf.

335 **Biskupstungnabraut:**

05 Skálholtsvegur — Reykjavegur:

Fjárveiting var 2,6 m.kr. Greidd var 1,6 m.kr. skuld frá fyrra ári. Auk þess var lagt síðara klæðingarlag á 3,4 km langan kafla milli Hrosshaga og Litlafljóts. Verkið var unnið af Klæðningu hf.

337 **Laugarvatnsvegur:**

03 Um Laugardalshóla:

Fjárveiting var 4,4 m.kr. og tekið bráðabirgðalán að upphæð 1,0 m.kr. Byggður var 2,5 km langur kafli um Laugardalshóla. Verkið var unnið af Árvélum sf.

305 **Villingaholtsvegur:**

01 Ýmsir staðir:

Geymd fjárveiting frá 1985 að upphæð 1,4 m.kr. Endurbyggður var 3,0 km langur kafli milli Þjórsárvers og Ferjuness.

425 **Nesvegur:**

02 Reykjanesviti — Grindavík:

Fjárveiting var 7,0 m.kr. sem fór til greiðslu skuldar vegna framkvæmda fyrra árs ásamt til greiðslu skuldar vegna klæðingar á Krýsuvíkurveg.

50 **Borgarfjarðarbraut:**

03 Um Hesthháls:

Fjárveiting var 6,9 m.kr. Byggður var 3,1 km kafli frá Skorradalsvegi yfir hálsinn að Mannamótsflöt. Verkið var unnið af Vegagerðinni.

04 Um Kleppjárnsreyki:

Fjárveiting var 3,2 m.kr. Endurbyggður var og lagður bundnu slitlagi 1,1 km kafli í þéttbýlinu. Verkið var unnið af Vegagerðinni.

05 Varmaland—Vesturlandsvegur:

Fjárveiting var engin en 2,4 km kafli var styrktur og lagt á hann bundið slitlag fyrir viðhaldsfé. Verktaki var Klæðning hf.

506 **Grundartangavegur:**

01 Akranesvegur — Grundartangi:

Fjárveiting var 2,2 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári, lagfærðar voru axlir og sett á þær malarslitlag.

511 **Hvanneyrarvegur:**

01 Hvítárvallavegur — Hvanneyri:

Fjárveiting var 2,6 m.kr. Lagfærður var og lagður bundnu slitlagi allur vegurinn heim að skóla eða 1,7 km. Enn fremur var lagt á götur og stæði í þéttbýlinu á vegum sýslusjóðs og Andakílshrepps. Verkið var unnið af Vegagerðinni.

581 **Hörðudalsvegur:**

01 Um Geirshlíð:

Fjárveiting var 1,0 m.kr. Ekki náðist samkomulag við landeigendur um veglínu nema með talsverðum breytingum sem höfðu í för með sér aukinn kostnað og var ákveðið að fresta framkvæmdum og sækja um viðbótarfjárveitingu á næsta ári.

586 **Haukadalsvegur:**

01 Vatn — Vatnsendi:

Fjárveiting var 2,3 m.kr. 1,4 km kafli frá Stóra-Vatnshorni að Skriðukoti og 0,6 km kafli við enda Haukadalsvatns. Verktaki var Sigurður Vigfússon úr Staðarsveit.

589 **Sælingsdalsvegur:**

01 Vestfjarðavegur — skóli:

Fjárveiting var 3,4 m.kr. Byggt var nýtt steypt ræsi á Leysingjastaðaá og endurbyggður allur vegurinn alls 2,4 km. Verkið var unnið af Vegagerðinni.

590 **Klofningsvegur:**

07 Um Tjaldaneshlíð:

Fjárveiting var 3,6 m.kr. Byggður var nýr 3,4 km vegur frá Stekkjardal að Hjallaleiti. Verktaki var Ræktunarsamband Mýramanna.

633 **Vatnsfjarðarvegur:**

03—04 Vatnsfjörður — Djúpvegur:

Fjárveiting var 12,4 m.kr. Endurbyggður var 6,2 km kafli frá stað um 1,5 km innan við Keldu að nýbyggingarenda rétt fyrir innan Hörgshlíð. Einnig var lagður 0,9 km kafli um Lónseyrarleiti á Snæfjallastrandarvegi. Vegagerðin sá um verkið.

704 **Miðfjarðarvegur:**

04 Laugarbakkaskóli — Norðurlandsvegur:

Inneign frá fyrra ári var 1,0 m.kr. Styrktur var kaflinn frá Laugarbakkaskóla að Norðurlandsvegi 1,8 km og hann lagður klæðingu. Verktaki við styrkinguna var Fossverk sf. Hluti kostnaðar var greiddur af fjárveitingu 701—04.

711 **Vatnsnesvegur:**

07 Síðuvegur — Norðurlandsvegur:

Fjárveiting var 3,1 m.kr. Ákveðið var í samráði við þingmenn að fresta framkvæmdum til næsta árs og nota fjárveitinguna í Norðurlandsveg frá Hvammstangavegi að Vatnsnesvegi.

731 **Svínvetningabraut:**

02 Reykjabraut — Langamýri:

Fjárveiting var 2,6 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári 1,9 m.kr.

03 Langamýri — Norðurlandsvegur:

Fjárveiting var 1,4 m.kr. Lokið var við frágang á 3,9 km löngum kafla frá Blöndubrú að Norðurlandsvegi, ásamt tengingu við Blöndudalsveg 0,4 km. Verktaki var Hvítserkur hf.

745 **Skagavegur:**

09 Þverárfjallsvegur — Sauðárkrókur:

Fjárveiting var 1,0 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári.

752 **Skagafjarðarvegur:**

01 Norðurlandsvegur — Héraðsdalsvegur:

Fjárveiting var 1,7 m.kr. Byggður var 3 km langur kafli frá Daufá að Varmalæk. Verktaki var Stefán Guðjónsson.

745 **Héraðsdalsvegur:**

01 Um Stapasneiðing:

Fjárveiting var 1,1 m.kr. Byggður var nýr vegur um Stapasneiðing 0,8 km langur. Verktaki var Ýtan sf.

767 **Hólavegur:**

01 Víðinesá — Hólar:

Fjárveiting var 0,5 m.kr. Framkvæmdum var frestað til næsta árs.

02 Um Hóla:

Fjárveiting var 0,9 m.kr. Framkvæmdum var frestað til næsta árs.

787 **Flókadalsvegur:**

01 Siglufjarðarvegur — Siglufjarðarvegur:

Fjárveiting var 1,7 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári 0,5 m.kr. Byggður var 1,3 km langur kafli um Brunná. Verktaki var Fjörður sf.

83 **Grenivíkurvegur:**

01—02 Norðurlandsvegur — Ystavík og um Fagrabæ:

Fjárveitingar voru 12,1 m.kr. og 2,0 m.kr. Lagður var 4,5 km langur kafli frá Norðurlandsvegi að Saurbrúargerði. Verkið var unnið af Ýtunni sf.

821 **Eyjafjarðarbraut vestri:**

05 Eyjafjarðarbraut eystri — Saurbær:

Fjárveiting var 2,5 m.kr. Lagður var 2,1 km langur kafli frá Eyjafjarðarbraut eystri og suður fyrir Sólgarð. Verkið var unnið af Jarðverki sf.

864 **Hólsfjallavegur:**

04 Hafursstaðir — Norðausturvegur:

Fjárveiting var 1,1 m.kr. Styrktur var 4,1 km langur kafli frá Austara-Landi að Norðausturvegi.

94 **Borgarfjarðarvegur:**

01 Vegamót — Mýnes:

Fjárveiting var engin. Lokið endurbyggingu 5,0 km frá vegamótum að Mýnesi er hafin var 1985. Verktaki var Gunnar og Kjartan sf. Egilsstöðum.

05 Um Bóndastaðaháls:

Fjárveiting var 2,2 m.kr. og innstæða frá fyrra ári var 1,7 m.kr. Lokið var gerð nýs vegar, 4,6 km milli Millulækjar og Ásgrímsstaða. Verktaki var Vökvavélar hf. Egilsstöðum.

29 **Fellavegur:**

Fjárveiting var 1,4 m.kr. Lagður var nýr vegur um Staffellsbjörg, 0,5 km að lengd. Verki er ekki lokið. Verktaki er Norðurverk hf. Akureyri.

31 **Upphéraðsvegur:**

08 Hallormsstaður — Mjóanes:

Fjárveiting var 4,8 m.kr. Lögð var klæðing á 0,8 km um Hallormsstað og 3,4 km milli Freyshóla og Gunnlaugsstaða. Hafin var endurbygging á köflunum Atlavík — Hallormsstaður og Vínlækur — Hafursá, samtals 4,56 km að lengd. Verktaki er Vökvavélar hf. Egilsstöðum.

46 **Hólalandsvegur:**

01 Bakkagerði —Jökulsá:

Fjárveiting var engin en unnið var fyrir hluta fjárveitingar í veg nr. 994—08, sbr 2.3.1.2. Lögð var klæðing 1,8 km frá Bakkagerði að Jökulsá.

47 **Desjarmýrarvegur:**

01 Bakkagerði — Fjarðará:

Fjárveiting var engin en unnið var fyrir hluta fjárveitingar í veg nr. 994—08, sbr.2.3.1.2. Lögð var klæðing 1,1 km milli Bakkagerðis og Fjarðarár.

53 **Mjóafjarðarvegur:**

Fjárveiting var 2,3 m.kr. og Mjóafjarðarhreppur lánaði 2,0 m.kr. Vegur var lagfærður á um 9,6 km kafla frá háheiði og niður í Fjörð. Styrking á köflum, dregið úr bröttustu brekkum, beygjur lagfærðar o.fl.

54 **Helgustaðavegur:**

Fjárveiting var 1,9 m.kr. Unnið að styrkingu og endurbótum. Samtals 9,7 km.

61 **Flugvallarvegur Breiðdalsvík:**

Fjárveiting var 0,9 m.kr. Lagður nýr vegur 0,4 km.

**Vegir í jaðarbyggðum.**

17 **Hlíðarvegur:**

02 Um Sleðbrjót. Fjárveiting var 0,6 m.kr. Greidd var 0,6 m.kr. skuld frá fyrra ári.

Fskj. 2.4.—1.

**Brýr 10 m og lengri.**
**Greinargerð um framkvæmdir.**

Bjarnardalsá (60):

Fjárveiting var 2,8 m.kr. og fór til greiðslu skuldar. Brúin var byggð 1985.

Gilsá (96):

Fjárveiting var 2,25 m.kr. og fór að hluta til greiðslu skuldar. Brúin var byggð 1985.

Elliðaár (411):

Fjárveiting var 4,25 m.kr. Þar sem fyrirsjáanlegt var að verulegur dráttur yrði á því að fjármagn fengist til þess að ljúka veginum var framkvæmdum frestað.

Tungufljót á Einholtsvegi (358):

Fjárveiting var 9,7 m.kr. Eftir að vegáætlun var afgreidd varð samkomlag um að ný brú skyldi byggð hjá Króki í stað brúar á núverandi Einholtsvegi og að framkvæmdum skyldi frestað þar til nægileg fjárveiting fengist til þeirrar brúar.

Kirkjufellsá (57):

Fjárveiting var 3,0 m.kr. Byggð var 8 m steypt plötubrú í nýrri veglínu á Kirkjufellsá.

Kaldá hjá Hraunsmúla (sýsl.):

Fjárveiting var 1,1 m.kr. Gerð var ný yfirbygging á brúna á Kaldá.

Sandá í Dýrafirði (622):

Fjárveiting var 5,25 m.kr. Byggð var 22 m steypt plötubrú á Sandá. Gamla brúin á Sandá var stálbitabrú með timburgólfi á stauraokum. Burðarþol hennar var ónógt og ástand allt slæmt.

Dynjandisá (60):

Fjárveiting var 3,7 m.kr. Var henni varið til þess að byggja 22 m steypta plötubrú á Hofsá í Arnarfirði (60) þar sem ekki þótti ráðlegt að fresta endurbyggingu hennar.

Ósá (62):

Fjárveiting var 5,95 m.kr. Byggð var 22 m steypt plötubrú á Ósá í nýrri veglínu í botni Patreksfjarðar.

Hofsá (783):

Fjárveiting var 3,0 m.kr. Byggð var 18 m stálbitabrú með steyptu gólfi. Brúin er á nýjum þjóðvegi, Höfðastrandarvegi, sem tengir saman byggðina meðfram fjallinu ofan Hofsóss.

Branda (sýsl.):

Fjárveiting var 2,26 m.kr. Byggð var 11 m stálbitabrú á Bröndu. Hún kemur í stað ónýtrar brúar sem þar var.

Brýr á Gæsavatnaleið (F98):

Fjárveiting var 4,44 m.kr. Byggðar voru tvær stálbitabrýr með timburgólfum. Önnur er 14 m brú á Skjálfandafljót en hin 23 m brú á Jökulsá hjá Upptyppingum en þetta voru tvö erfiðustu óbrúuðu vatnsföllin á Gæsavatnaleið.

Varmá í Hveragerði (sýsl.):

Fjárveiting var 3,0 m.kr. Byggður var 5 m breiður stokkur undir fyllingu um Varmá. Á Varmá var áður 22 m steypt bitabrú frá 1929. Hún var of mjó og aðkoma var slæm.

Fskj. 2.5.1.—1.

## Aðalfjallvegir.

## Greinargerð um framkvæmdir.

F22 Fjallabaksleið nyrðri:

Fjárveiting var 350 þús. kr. og var henni varið til heflunar og almenns viðhalds á leiðinni.

F28 Sprengisandsleið:

Fjárveiting var 700 þús. kr. og var henni varið til heflunar og almenns viðhalds á leiðinni.

F35 Kaldadalsleið:

Fjárveiting var 450 þús. kr. og var henni varið til heflunar og almenns viðhalds á leiðinni. Einnig var gerð smábreyting á vegi ofan við Lambá.

F37 Kjalvegur:

Fjárveiting var 1450 þús. kr. Auk venjulegs viðhalds var byggður kafli á Bláfellshálsi, en megináhersla var lögð á framkvæmdir á syðri hluta leiðarinnar eins og s.l. ár.

F78 Skagafjarðarleið:

Fjárveiting var 450 þús. kr. og var henni varið til heflunar og almenns viðhalds á leiðinni.

F82 Eyjafjarðarleið:

Fjárveiting var 600 þús. kr. og var henni varið til heflunar og almenns viðhalds á leiðinni.

F92 Gæsavatnaleið:

Fjárveiting var 700 þús. kr. og var henni varið til heflunar og almenns viðhalds á leiðinni. Einnig voru tengdar tvær nýjar brýr sem byggðar voru í sumar, brú yfir Skjálfandafljót við fossinn Glanna og brú yfir Jökulsá hjá Upptyppingum.